Fjármálakreppan í Evrópu hefur aukið fylgi við flokka sem byggja á samblandi þjóðernislegra tilfinninga og popúlisma. Sumir gamlir flokkar af því tagi hafa eflst og nýir sprottið upp. Mislið spaugstofuframboð eru annars eðlis en hafa einnig fengið byr í seglin á stöku stað.

Þessi pólitíska hreyfing hefur svo sem vænta má verið dregin inn í Evrópuumræðuna hér heima. Einkum eru það andstæðingar aðildar að Evrópusambandinu sem títt og ákaft benda á þennan veruleika til sannindamerkis um að á Íslandi eigi menn ekki að hugsa



frekar um evrópska samvinnu. Ekki er vitað hvort hér er á ferðinni tíma-bundin sveifla eða byrjun á þróun. Það ræðst ugglaut mikið af því hvernig

mönnum tekst að leysa úr þeim þringingum sem fylgt hafa fjármálakreppunni. Þeir flokkar sem hér um ræðir eru nokkuð misjafnir. Sumir hafa jafnvel á sér yfirbragð fasisma. Því er erfitt að draga alla í einn og

sama dilkinn þrátt fyrir afar sterk sameiginleg einkenni. Það er líka erfitt að nota gildishlaðin orð eins og öfgar því að flokkarnir ganga mislangt í því efni.

Einkum eru það þrjú atriði sem þessir flokkar eiga saman. Í fyrsta lagi rík þjóðernishyggja og andstaða við Evrópusamvinnu. Í öðru lagi neikvæð afstaða til innflytjenda, misöflug þó. Í þriðja lagi yfirboð á afmörkuðum sviðum velferðar- og félagsmála. Það má því segja að þeir nálgist kjósendur samtímis frá ysta jaðri hægri og vinstri í pólitík. Þeir falla því illa inn í hefðbundið litróf.

Sniðinn að andstöðu fremur en ábyrgð

Framsóknarflokkurinn í Danmörku undir forystu Glistrups náði fyrst föttestu slíkra flokka á Norðurlöndum fyrir áratugum. Danski þjóðarflokkurinn spratt síðar út úr honum. Norski Framsóknarflokkurinn er líka gamall í hettunni og byggður á sambærilegum hugmyndum. Í Finnlandi er þetta pólitíska fyrirbæri hins vegar nýtt af nálinni, en í Svíþjóð hefur það ekki skákað hefðbundnum flokkum svo heitið geti.

Í Frakklandi hefur flokkur af þessu tagi um nokkurn tíma sett

verulegt strik í reikninginn. Eins er austurríski flokkurinn sterkur. Nýr flokkur í Þýskalandi náði aftur á móti ekki föttestu í kosningum þar í september. Gríski flokkurinn fékk byr í seglin í kreppunni en á nú í útistöðum við réttvísina.

Breski Sjálfstæðisflokkurinn hefur mælt með gott fylgi í skoðanakönnunum. Mótaleikur Íhaldsflokksins byggir á hugmyndum um að viðhalda aðildinni að Evrópusambandinu en draga úr áhrifum þess á afmörkuðum sviðum og efna svo til þjóðaratkvæðis.

Það er um margt áhugaverð hugsun sem fróðlegt verður að sjá hvað verður úr.

Flokkar sem byggja á þjóðernispopúlisma hafa átt erfitt með að komast að ríkisstjórnarborði. Stefna þeirra er fremur sniðin að andstöðu en ábyrgð. Norski Framsóknarflokkurinn hefur hins vegar markvisst fært sig nær borgaraflokkunum á allra síðustu árum til þess að verða stjórnstærur. Öndvert við aðra slíka flokka tapaði hann verulegu fylgi á dögnum en náði vegna þessarar málefnalegu aðlögunar að komast í ríkisstjórn.

Flýgur hæst á Íslandi

Segja má að ekki hafi bólað að nokkru marki á pólitískri þróun af þessum toga hér á landi fyrr en ný forysta tók við Framsóknarflokknum fyrir rúmum fjórum árum. Síðan hafa böndin við hugmynda- og hagsmunahæim gamla Framsóknarflokksins smám saman trosnað ef frá er talið Kaupfélag Skagfirðinga. Með félagslega loforðinu um mestu endurgreiðslu húsnæðislána í heimi varð endanlega til íslenskur þjóðernispopúlismaflokkur.

Framsókn er fyrsti og eini flokkur sinnar tegundar á evrópska efnahagssvæðinu til þess að veita

ríkisstjórn og landi forystu. Þó að þessi pólitík hafi verið lengi á leiðinni til Íslands hefur hún náð hærra flugi hér en annars staðar. Enginn spaugstofuflokkur hefur heldur náð jafn miklum árangri og Besti flokkurinn í Reykjavík. Hér hefur því orðið meiri pólitísk kerfisbreyting á stuttum tíma en nöfn á flokkum segja til um.

Af þessum síðbúna en leiftur snögga uppgangi þjóðernispopúlismans á Íslandi leiðir aftur á móti að við getum fyrr en aðrar þjóðir dæmt af reynslu hverju hann skilar. Setunni við ríkisstjórnarborðið fylgir ábyrgð sem ekki verður

umflúin. Það er því ærið tilefni til að skoða þetta pólitíska fyrirbrigði frá íslensku sjónarhorni.

Nú þegar er til að mynda komið í ljós að sú þröngsýni sem felst í þessari pólitík varðandi alþjóðlegt samstarf á sviði peningamála veldur því að draumurinn um haftalastað Ísland hefur fjarlægst. Fyrir sömu sakir er allt í óvissu um langtíma kjarasamninga og stöðugleika. Og fylgi Framsóknarflokksins hefur strax hrundið í skoðanakönnunum.

Þetta eru þó aðeins þrjár vísbendingar; ofmælt væri að segja að full reynsla sé fengin.

WOW



Ert þú WOW?

Frá upphafi hefur WOW air margfaldast að stærð. Árið 2012 fluttum við 90.000 farþega en á þessu ári munum við flytja um 450.000 farþega. Stefnan er að flytja 700.000 farþega árið 2014. Við leitum því að fleiri snillingum til að vera með okkur í WOW liðinu.

Sölustjóri fyrir Norður-Ameríku – Ert þú töframaður?

Okkur vantar **Sölustjóra fyrir Norður-Ameríku** sem sér um að stýra sölu og söludreifingu þar. Viðkomandi þarf ekki að flytja til Ameríku, en þarf að hafa virkilega gaman af að ferðast.

Stöðvarstjóri í Boston – Ratvísi er kostur

Stöðvarstjóri í Boston óskast. Stöðvarstjórinn hefur umsjón með daglegum rekstri WOW air á Boston flugvelli.

Framkvæmdarstjóri WOW travel – Getur þú selt norðurljósin?

Við leitum að **Framkvæmdarstjóra WOW travel**. Hann eða hún fær að stýra ferðaskrifstofunni okkar og hjálpa okkur að tvöfalda komu ferðamanna til landsins.

Sölustjóri fyrirtækjapjónustu – Má gjarnan hafa keppnisskap

Við óskum líka eftir **Sölustjóra fyrirtækjapjónustu**. Þar vantar okkur kraftmikinn sölumann sem getur þjónustað viðskiptavinum WOW air eins og herforingi.

Aflaðu þér upplýsinga um störfin á wow.is/vertumemm eða sæktu hreinlega um! >> Umsóknir sendist á starf@wow.is fyrir **18. nóvember** n.k.

Við fljúgum til >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> í allan vetur

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is

WOW
air

UMMÆLI VIKUNNAR

25.010.2013 → 01.10.2013

„Við einfaldlega búum ekki við það landslag eins og Björgvin Halldórsson og aðrir tónlistamenn að bjóða upp á aukasýningu.“

Pórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, um miðasölu á landsleik Íslands og Króatíu í knattspyrnu.



„Og satt að segja var ég nú á þeim tünbleðli að ég var víðsfjarri því að hægt sé að segja að Ísland hafi verið upp í rassgarnarenda þessara stofnana Bandaríkjana.“

Óssur Skarphéðinsson, fv. utanríkisráðherra, um hleranir Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjana.

„Ef ég ætlaði að endurtaka þetta yrði ég að verða stjórnmalamaður sem ég er ekki. Ég er einfaldlega ekki stjórnmalamaður – ég er grínisti.“

Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkur, tilkynnti að hann ætlaði ekki fram í næstu borgarstjórnarkosningum.

Regnbogalisti í vor

Á einum degi breyttust stjórnmalin í höfuðborginni. Stórt óvissugap tók við þar sem áður stóð skrifað að Besti flokkurinn undir forystu Jóns Gnarr stæði sterkastur allra. Enginn augljós kraftur fyllir þetta tóm sjálfkrafa. Nú er veður til að skapa.

STJÓRN MÁL



Stefán Jón Hafstein fv. borgarfulltrúi

Skylda félagshyggjuafila

Með því að sameinast um framboð í borginni munu VG, Samfylking og Björt framtíð brjóta af sér tilvistarkreppuna sem kjósendur skópu þeim í alþingiskosningunum í vor. Verði inntakið rétt. Framboð um bætt lýðræði, umhverfi, jafnrétti og batnandi borg á mikla möguleika í vor. Sé það ekki byggt á niðurnjörvuðum hugmyndum um „flokksamstarf“ heldur einlægum vilja til að bjóða borgarbúum öllum (sem upp til hópa eru ekki í stjórnmalaflokki) til uppbyggilegrar samræðu og samráðs um hvert beri að stefna. Og skapa til þess tæki sem dugar út næsta kjörtímabil og áfram. Nú hafa félagshyggjuflokkarnir tækifæri til að læra af útreiðinni í síðustu borgarstjórnarkosningum og aftur í vor leið þegar þeim var hafnað í alþingiskosningum. Umbreyta sjálfum sér og endur-

heimta traust og umboð til góðra verka.

Ef ekki núna – þá hvenær?

Ég horfði á „kappræður“ forystumanna kvöldið fyrir kosningar í vor. Kata Jak, Árni Páll, Gummi Steingrims. Hvers vegna keppir þetta fólk hvert við annað þegar svo margt sameinar þau? Bættum við Lýðræðisvaktinni, Dögum og Pírötum auk nokkurra í viðbót og við höfum breiða fylkingu samfélagslega þenkjandi fólks sem í pólitísku eðli sínu er hugsjónafólk fyrir almannahagsmunum, jafnræði og frjálslyndu samfélagi sem byggir á jöfnuði. Ólíkt fólk, vissulega. Já, en, þúsundir atkvæða falla dauð, fleiri en nokkru sinni fyrr vegna þess að hin ýmsu framboðsform eru yfirstærkari inntakinu. Þetta er móðgun við allt félagslega þenkjandi fólk. Nú bíður borgin eftir breyttu mynstri.

Reykjavíkurlisti – Regnbogalisti?

Í vor verða 20 ár frá því ég tók þátt í að skapa Reykjavíkurlista, ásamt hundruðum manna innan fjögurra flokka og utan. Sögulegur sigur fór í hönd og þrjú kjörtímabil sem breyttu borginni. Tveimur árum eftir sigur Reykjavíkurlistans bauð kjarni þess hóps fram

→ Nú bíður borgin eftir breyttu mynstri.

sundraður í alþingiskosningum og beið afhróð sem er svipað því sem álika öfl fengu í vor leið. Endalaus ríkisstjórn Framsóknar og íhalds tók við. Er ekki lærdómur í þessu fölginn? Erum við dæmd til að endurtaka stöðugt sömu mistökinn og einkennu nánast alla tuttugustu öldina á þeirri tuttugustu og fyrstu? Regnbogalistiinn bíður þess að verða borinn fram í vor.

Hvernig?

Ég vil ekki eyðileggja hugmyndina með því að útfæra hana. Segi aðeins að þessir þrír flokkar eigi að ákveða framboð og bjóða fleirum með sér að því frágengnu. Breiða út faðm, brosa og boða nýja tíð. Laða fram það besta í öllum og sýna örlæti við hvert annað. Samkvæmt nýjustu skoðanakönnun á landsvísi hafa Samfylking, VG, BF og Píratar samtals um 50% fylgi. Ég mæli af talsverðri reynslu þegar ég fullyrði að þessu sé hægt að breyta í 55-60% fylgi í borgarstjórnarkosningum. Ekki með því að leggja saman rýran höfuðstól hvers og eins heldur með því að skapa nýja heild sem er stærri en summan af pörtunum. Af því að það er það sem fólkið vill.

Þau voru ljós á leiðum okkar

Tónlistardagskrá við kertaljós í minningu ástvína

sunnudaginn 3. nóvember 2013 í Fossvogskirkju

Kl. 14.00 Stúlknaðor Reykjavíkur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur Hugvekja, Hulda Guðmundsdóttir frá Nýrri dögum

Kl. 14.30 Hallveig Rúnarsdóttir og Kári Þormar Hugvekja, Ásta Ágústsdóttir djákni

Kl. 15.00 Greta Salóme og Gunnar Hilmarsson Hugvekja, sr. Birgir Ásgeirsson prófastur

Kl. 15.30 Kirstín Erna Blöndal og Örn Arnarsson

Aðgangur er ókeypis og fólki frjálst að koma og fara að vild. Friðarkerti Hjálparstarfs kirkjunnar eru til sölu við Fossvogskirkju.

Kópavogskirkjugarður, Hólavallagarður og Gufuneskirkjugarður eru opnir að venju.

Reykjavíkprófestsdæmi og Kirkjugarðar prófestsdæmanna



MOSFELLSBÆR

REYKJAHVERFI – GATNAGERÐ

Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í gatnagerð í Reykjahverfi (Reykjavoll) í Mosfellsbæ. Um er að ræða jarðvinnu, holræsalagnir, vatns- og hitaveitulagnir auk lagningu strengja og ídráttarröra. Verklok 1. Maí 2014

Helstu magntölur:

Gröftur	3500 m3
Fylling	5200 m3
Holræsi	1100 m
Hitaveitulagnir	420 m
Vatnsveitulagnir	360 m
Strenglagnir	4000 m
Ídráttarrör	750 m

Útboðsgögn á geisladiski verða afhent í afgreiðslu bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar frá og með þriðjudegi 05. nóvember 2013. Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en þriðjudaginn 19. Nóvember 2013 kl. 14:00, þar sem þau verða opnuð.

Umhverfissvið Mosfellsbæjar

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Öllum til vegsauka

Í nýframlögðu frumvarpi til fjárlaga kemur fram að ríkisstjórnin hefur ákveðið að fella niður fjárfestingaráætlun í skapandi greinum, sem komið var á fót á síðasta ári, einkum í formi smærri sjóða. Tónlistarsjóður mennta- og menningarmálaráðuneytis var og færður til móts við verðlagshækkunir úr 43 milljónum í 86 milljónum. Þá var komið á fót afar mikilvægum, en hófstilltum 20 milljóna króna útflutningssjóði. Þessar aukningar hafa verið teknar af dagskrá.

Aftur til fortíðar?

Þetta er miður í ljósi þess árangurs sem náðst hefur í útflutningi íslenskrar tónlistar á síðustu árum en nú stefnir í liðlega 100% aukningu á tónleikahaldi íslenskra tónlistarmanna á erlendri grundu milli árána 2012 og 2013. Alls voru 720 tónleikar haldnir árið 2012 en eru nú komnir yfir 1024 tónleika það sem af er árinu 2013. Þetta er mikill vöxtur. Vaxtarbrodds íslenskrar tónlistar er helst að vænta að utan, þar sem innanlandsmarkaður er einfaldlega of lítil.

Þess utan skapar allur þessi útflutningur tónlistar afleiddan arð í formi kynningar á landinu

MENNING



Sigtryggur Baldursson framkvæmdastjóri ÚTÓN

til ferðamennsku og upplifunar.

Heildarframlag ríkisins til útflutnings tónlistar nemur í dag aðeins um 40 milljónum króna sem er mjög lág tala miðað við aðrar atvinnugreinar. Að óbreyttu mundi sú upphæð lækka um helming sem væri afar dapurleg lokaniðurstæða.

ÚTÓN vinnur að útflutningi á íslenskrari tónlist og styrkingu íslenskrar tónlistarháttíða og á IA sem annast rekstur Iceland Airwaves-tónlistarháttíðarinnar sem veltir rúmum milljarði í hagkerfinu á innan við viku í byrjun nóvember á ári hverju. Efling annarra tónlistarháttíða á Íslandi, m.a. til markaðssóknar á mið erlends tónlistaráhugasfólks er forgangsmál í menningartengdri ferðaþjónustu. Þar ber að byggja á þeirri reynslu sem fyrir er hjá Iceland Airwaves og nýta má frekar til að hjálpa öðrum tónlistarháttíðum að nálgast hinn tónlistarþyrsta ferðamann, en slíkum fer stöðugt fjölgandi.

Tónlistin og aðrar skapandi greinar hafa reynst afar vel til þess að bæta ímynd þjóðarinnar á alþjóðavettvangi eftir hrun og hefur það vakið heimsathygli að hér hafi

→ Útflutningur tónlistar er afar mikilvægur hlekkur í stækkandi keðju íslenskra atvinnugreina.

verið hlúð sérstaklega að listum til að byggja samfélagið upp að nýju.

Mannleg mistök?

Skapandi greinar hafa vaxið mjög á undanförunum árum og því er illskiljanleg með öllu sú fyrirhugaða ákvörðun ríkisstjórnarinnar að kippa til baka jafn smáum fjárfestingum í geirum sem skapa jafn mikinn vöxt og raun ber vitni. Til að endurgreiða megi skuldir þjóðarinnar verður að hlúa að þeim atvinnugreinum sem best virðast dafna á eigin forsendum.

Útflutningur tónlistar er afar mikilvægur hlekkur í stækkandi keðju íslenskra atvinnugreina sem skapa verðmæti og gjaldþyriskjúr án mengunar eða fórna náttúruverðmæta og eiga að auki stóran þátt í að efla þjóðartekjur á vettvangi ferðaþjónustu. Að strika fyrirvaralaust út þá hóflegu fjárfestingar sem í greinina fara eftir áralanga tilvistarbaráttu væri vísbending um alvarlegan skort á heilbrigðri, nútímalegri framtíðarsýn.

Slíkt væri fljótlegt og auðvelt að leiðrétta, öllum til vegsauka.

89% er ekki nóg

„Hér er maður á 53 sem hugsar ekki um börnin í Afríku, neyð annarra skiptir hann engu máli,“ kallar drengur í gjallarhorn á tröppum manns sem hikar við að gefa pening í fötu sem hann réttir að honum, „ætlarðu að gefa núna?“ spyr drengurinn og gefur í skyn að hann geti alveg kallað meira yfir hverfið. Nei, svona stendur maður ekki að söfnun, enda er þessi sena í fræðslumyndbandi til fermingarbarna til að sýna hvernig á EKKI að hegða sér og þau hvött til að sýna kurteisi og hegða sér vel.

Fermingarbörn um allt land horfa á bráðskemmtileg myndbönd um hvernig á að fara að (og ekki) þegar þau ganga í hús um allt land og safna fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar. Það munu þau gera 4.-7. og 11.-12. nóvember næstkomandi.

HJÁLPARSTARF



Bjarni Gíslason fræðslu- og upplýsingafráfarandi Hjálparstarfs kirkjunnar

Þessi myndbönd er hægt að sjá á heimasíðu Hjálparstarfsins help.is. Þetta er í 15. sinn sem fermingarbörn standa fyrir söfnun til vatnsverkefna Hjálparstarfsins í Úganda, Malaví og Eþíópíu. Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um framgang þúsaldarmarkmiðanna, sem kom út í júní 2012, kemur fram að 1990 höfðu 76% jarð-

arbúa aðgang að hreinu vatni en árið 2010 var hlutfallið komið í 89%. Þetta er frábær árangur en gleymum því ekki að jarðarbúar eru 7 milljarðar. 11% sem ekki hafa aðgang að hreinu vatni eru 770 milljónir manna. Staðreynd sem fermingarbörn hafa verið frædd um og þau vilja gera sitt til að bæta ástandið, segja að 89% sé ekki nóg. Handgrafinn brunnur kostar um 180.000 krónur.

→ Tökum vel á móti fermingarbörnunum þegar þau banka upp á, hrósum þeim fyrir dugnaðinn og fyrir að taka til sinna ráða.

Brunnur sem gefur hreint, tært vatn gjörbreytir aðstæðum til hins betra. Með brunnum kemur fræðsla um smitleiðir sjúkdóma og mikilvægi hreinlætis. Bætt hreinlætisaðstaða dregur mjög úr sjúkdómum og dauðsföllum vegna þeirra. Þegar gott vatn er til staðar er hægt að hefja geita- og hæsnarækt og rækta grænmetisgarða með fjölbreyttari tegundir grænmetis. Þannig verður vatnið grundvöllur betri afkomu og betri heilsu.

Tökum vel á móti fermingarbörnunum þegar þau banka upp á, hrósum þeim fyrir dugnaðinn og fyrir að taka til sinna ráða og leggjum fram það sem við getum.

TAKTU SKREFIÐ



SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR OG NÁMSLÍNUR Á VORMISSERI 2014

KYNNINGARFUNDUR 7. NÓVEMBER AÐ DUNHAGA 7

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR
Klukkan 17:00 – Umsóknarfrestur til 15. nóvember

HANDLEIÐSLUFRÆÐI - EINS ÁRS NÁM Í FAGHANDLEIÐSLU, KENNINGUM OG HANDLEIÐSLUTÆKNI
Klukkan 17:30 – Umsóknarfrestur til 15. nóvember

AÐRAR NÁMSLÍNUR Á VORMISSERI

SÁLGÆSLUFRÆÐI – DIPLOMA Á FRAMHALDSSTIGI OG STÖK NÁMSKEIÐ
Umsóknarfrestur til 6. desember

LEIÐTOGAHÆFNI – LEIÐ AÐ AUKINNI SJÁLFSÞEKKINGU OG ÁRANGURSRÍKRI STJÓRNUNUN
Umsóknarfrestur til 3. febrúar

ÁFALLASTJÓRNUN
Umsóknarfrestur til 3. febrúar

Opnunardagskrá

- Ingó tekur lagið
- Skoppa og Skritla kíkja í heimsókn
- 10% af söluandvirði opnunar gengur til Styrktarfélagsins Líf
- Börnin fá blöðrur úr hendi þekktra persóna úr sænskum barnasögum
- Gjafakort gefið gestum Kringlunnar
- Létt snarl fyrir gesti og gangandi, stóra sem smáa
- Opnar kl. 12:00



Kjól,
4995,-

OPNUM
Í KRINGLUNNI

Í DAG
LAUGARDAG
KL. 12:00

Fylgstu með á Facebook -
Lindex Iceland

Kjöll,
4995,-



kids

LINDEX

HELGIN

Brynja Þorgeirsdóttir, fjölmiðlakona og nemi

Skrifar um harmleiki

Ég ætla að nota helgina til að vinna í ritgerð um harmleiki sem ég þarf að skila bráðum, því ég er í bókmenntafræði í háskólanum. Svo fer ég næstum daglega í leikhús og á því verður engin undantekning nú.



Bergsteinn Sigurðarson dagskrárgerðarmaður

Kjötsúpa og bleiur

Ég ætla að gera heiðarlega tilraun til að belgja mig út af kjötsúpu úr lambinu sem ég keypti beint frá býli áður en ég fer á leikrit um fullorðið fólk sem fær eitthvað út úr því að vera með bleiu.



Sunna Ben listamaður

Selur af sér spjarirnar

Í dag ætla ég á BAST í frænkulöns, svo verð ég að selja af mér fötin á flóamarkaði Hins hússins frá klukkan 14 og vonandi kíkji ég á einhverja tónleika þar eftir á. Á morgun verð ég svo á X-inu frá 21-22.



Vilhjálmur Svan Vilhjálmsson verslunarstjóri

Grill og fótbolti

Í kvöld ætlum við félagarnir að kveikja í grillinu í frostinu og elda saman og að sjálfsögðu reynir maður horfa á Liverpool-menn leggja Arsenal að velli. Morgundagurinn verður sennilega notaður til afslöppunar.



ULLIN GERIR SITT GAGN Kúlurnar eru til í mörgum litum og stærðum.

Íslenskt veggskraut sem bætir hljóðvist

Hönnuðurinn Bryndís Bolladóttir verður í Epal í dag að kynna hið hljóðdempandi veggverk sitt KÚLU.

„Glymjandi í húsum er þekkt vandamál sem KÚLA leysir. Kveikjan að hugmyndinni varð til árið 2007 þegar óskað var eftir ráðgjöf vegna hljóðendurkasts í heimahúsi og engar almennilegar lausnir voru í boði,“ segir Bryndís Bolladóttir, hugvitskona og hönnuður, um veggverk sem hún ætlar að kynna í dag í versluninni Epal í Skeifunni 6.

KÚLA hefur sem sagt hljóðdempandi eiginleika og hefur verið þróuð til að bæta hljóðvist bæði fyrir opinber rými og heimili. Hún er framleidd hér á Íslandi í mörgum litum og stærðum og ytra byrðið er úr ull.

Bryndís segir KÚLU hafa sannað gildi sitt frá því hún kom fyrst á markað 2010, hún hafi fengið ISO-vottun til merkis um að hún sé hágæðavara og einnig hafi einkaleyfisstofa staðfest nýnæmi hennar.

-gun



ULLIN GERIR SITT GAGN Kúlurnar eru til í mörgum litum og stærðum.

Sýnir Sykurmola á Mokka

Jóhann Á. Hansen sýnir myndir sem hann tók á tónleikum Sykurmolanna á Hótel Íslandi árið 1988 á Mokka. Filmurnar lágu ofan í kassa í mörg ár en söngvari sveitarinnar hvatti Jóhann til að halda sýningu á þeim.

Kjartan Guðmundsson

kjartan@frettabladid.is



Mér fannst þetta finn tími til að draga gömlu filmurnar upp úr kössum í geymslunni,“ segir Jóhann Á.

Hansen sem hefur opnað ljósmyndasýninguna Dýrðin litin á ný á Mokka við Skólavörðustíg. Á sýningunni eru myndir sem Jóhann tók á tónleikum Sykurmolanna, Dýrðin kvödd, á Hótel Íslandi í mars árið 1988, rétt í þann mund sem sveitin var að slá í gegn úti í hinum stóra heimi.

Á þessum tíma var Jóhann, en hann hefur að aðalstarfi rekstur á Gallerí Fold við Rauðarárstíg, nemandi við Fjölbautaskólann í Ármúla. „Eins og með marga aðra Íslendinga vann ég ýmis störf samhliða skólanum, meðal annars á barnum á Hótel Íslandi en líka sem ljósmyndari í lausamennsku. Þá var ég aðallega að elta lögguna og taka myndir af slysum og slíku og seldi blöðunum myndirnar, mest í DV,“ rifjar Jóhann upp. „Ég fór líka á marga tónleika á þessum tíma og tók myndir, til dæmis af Leonard Cohen, Boy George og Fine Young Cannibals og brot af þeim myndum má finna á síðunni minni johann-hansen.photoshelter.com.“

Hann minnst tónleikana með Sykurmolonum aðallega vegna þess hversu mikið og frjálst aðgengi ljósmyndararnir, sem voru nokkrir, fengu að sveitinni á sviðinu. „Á Hótel Íslandi er sviðið nánast hluti af dansgólfinu og við fengum að fara alveg upp að hljómsveitinni, sem er mjög óvenjulegt og hefur heldur betur



MYND/JÓHANN Á. HANSSON

breyst. Í dag er ekki óalgengt að ljósmyndarar þurfi jafnvel að skrifa undir samninga þess efnis að tónlistarfólkið sem myndað er eigi höfundarréttinn að myndunum,“ útskýrir Jóhann.

Eftir Sykurmolatónleikana gerði Jóhann ekkert með myndirnar í mörg ár, utan þess að selja eina mynd af Björk Guðmundsdóttur til bandaríks tímarits. „Ég hafði þó alltaf í huga að draga myndirnar á flot og þegar

ég hitti Einar Örn Benediktsson á síðustu menningarnótt sagði ég honum frá þeim. Hann hvatti mig eindregið til þess að halda á þeim sýningu og mér datt fyrst í hug að halda hana í Ráðhúsinu, en þar var allt uppantað. Mokka á mjög vel við þessar myndir því þetta er einn elsti starfandi sýningarstaður landsins og svo skilst mér að Björk eigi stundum þangað erindi,“ segir Jóhann. Sýningin stendur yfir til 28. nóvember.

Höfum flutt sálfræðistofur okkar



Við höfum flutt sálfræðistofur okkar að **Höfðabakka 9 (shb9.is)** og fengið Moniku Skarphéðinsdóttur sálfræðing til liðs við okkur.

Við sinnum allri almennri sálfræðipjónustu eins og:

Meðferð við kvíða, depurð, uppbyggingu sjálfstrausts, pararáðgjöf, tilfinningahlíðum ófrjósemi, átröskunum, áfallaúrvinnslu, streitustjórnun og ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja. Bjóðum ýmis meðferðarúrreiði eins og HAM, DBT, EMDR, árveknipjálfun auk almennrar samtalsmeðferðar.

Tímamantanir í síma 527-7600.

Nánari upplýsingar inni á salfraedistofa.is og salarafli.is

Þórdís Rúnarsdóttir, Psy.D.
thordis@salfraedistofa.is

Monika Skarphéðinsdóttir, Cand Psych
monika@salarafli.is

Gyða Eyjólfssdóttir, Ph.D.
salarafli@salarafli.is

Hafa skal það sem betur hljómar

Frábær hljóm tæk frá Samsung – Tækið sem þig dreymir um er hér:

HEIMABIÓ
HT-E5530

SAMSUNG

WiFi CERTIFIED

Blu-ray Disc

Verð: 129.900
Tilboðsverð: 109.900

Glæsilegt 5.1 heimabíókerfi.
Heildarkraftur 1000w. Gerist ekki betra.

BLU-RAY SPILARAR
BD-ES6000

SAMSUNG

WiFi CERTIFIED

Blu-ray Disc

Verð: 54.900
Tilboðsverð: 39.900

Spilar 3D Blu-ray, DVD-Video/DVD±R/DVD±RW, CD DA/CD-R/CD-RW. Multi Codec: Spilar alla helstu staðla. Til hvítir og svartir.

HLJÓMTÆKI
HW-F751

SAMSUNG

Bluetooth

Verð: 189.900

Hágæða heimabíóstæða. "Sound-Bar" við sjónvarp/hljómtæki með afspilun frá snjallsíma og USB. Til í mörgum stærðum.

HÁTALARAR
DA-F61

SAMSUNG

Bluetooth

Verð: 79.900

Kraftmikill hátalari fyrir snjallsíma/spjaldtölvu. Einföld, stílhrein og mjög falleg hönnun. 12 tíma rafhlöðuending.

DOKKUR
DA-E750

SAMSUNG

Bluetooth AirPlay

Verð: 159.900

Práðlaus lampa dokka fyrir snjallsíma. Glæsileg hönnun – frábær hljóm gæði.

HEIMABIÓ
HT-F4200

SAMSUNG

Blu-ray Disc

Verð: 69.900

250W. Mögnuð heimabíóstæða. 3D Blu-ray spilar sem spilar alla helstu staðla.

HEIMABIÓ
HT-F5200

SAMSUNG

Blu-ray Disc

Verð: 89.900

Heimabíóstæða fyrir vandláta. 3D Blu-ray. 500W. Nett, flott, kröftug–ein með öllu.

HEIMABIÓ
SAHT-ES6600

SAMSUNG

Blu-ray Disc

Verð: 149.900

400W. Nýstárleg hönnun. 3D Blu-ray spilar. Stútfull af hátækni. Hágæða heimabíóstæða.

BLU-RAY SPILARAR
BD-F5100

SAMSUNG

Blu-ray Disc

Verð: 22.900

Spilar Blue-ray, DVD-Video/DVD±R/DVD±RW, CD DA/CD-R/CD-RW. Spilar alla helstu staðla.

BLU-RAY SPILARAR
BD-F5500

SAMSUNG

Blu-ray Disc

Verð: 32.900

Spilar 3D-Blue-ray, DVD-Video/DVD±R/DVD±RW, CD DA/CD-R/CD-RW. Spilar alla helstu staðla. Magnað tæki.

DOKKUR
DA-E550

SAMSUNG

Bluetooth

Verð frá: 39.900

Hátalaradokka fyrir snjallsíma. Svöl og nýstárleg hönnun. Gerð fyrir Samsung Galaxy S3, S2, Note og Apple Iphone og Ipod

HEIMABIÓ
HW-E450

SAMSUNG

Bluetooth

Tilboðsverð: 79.900

Með réttu hljóm gæðunum verður bíókvöldið fullkomið. Frábær lítil og nett heimabíóstæða með þráðlausu bassaboxi. Falleg hönnun.

SAMSUNG

SETRÍÐ
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON

Verislanir og umboðsmenn um land allt

SKEIFUNNI 11 · SÍMAR: 530 2800 / 550 4444

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
AKRANESI
SÍMI 530 2870

ORMSSON
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
455 4500

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333



HUGSJÓNAKONAN „Mér finnst að það sem ég geri í þessu lífi þurfi að vera mikilvægt og skipta máli og var mikið að spá í að verða lækni eða jafnvel prestur.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ALVARLEGUR TÓNNS Í MÉR

María Ellingsen leikkona var að ljúka við leikverk um líf og ástir þriggja kvenna, leikur í nýrri sjónvarpsseríu og berst með Hraunavinum. Hún ætlar að vera í Afríku um áramótin og á Svalbarða um verslunarmannahelgina. Svo er hún móðir.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Leikfélagið hennar Maríu heitir Annað svið og mér finnst ég komin á annað tilverusvið þegar ég stíg inn á vinnustað hennar við Suðurgötu í Reykjavík, sem hún deilir með tíu öðrum konum í ólíkum, skapandi verkefnum. Fegurð blasir alls staðar við, örsmáar rúður í gluggum, rósettur í loftum og listaverk á veggjum.

Við María komum okkur vel fyrir á efri hæðinni og ég byrja á að forvitnast um helstu viðfangsefni hennar þessa dagana. „Ég var að koma heim frá Álandseyjum í fyrradag, fór þangað ásamt samstarfsfólki mínu með sýninguna Ferðalag Fönixins – um listina að deyja og fæðast á ný, sem er dansleikhúskonsert þar sem maður og kona takast á. Við frumsýndum verkið á listahátíð fyrir tveimur árum og það hefur blómstrað. Við höfum áður farið með það til Færeyja og Finnlands og það snertir fólk djúpt hvar sem við komum.“

Sögur þriggja kvenna

„Verk spretta gjarnan upp úr þeirri lífsreynslu sem maður er að fara í gegnum hverju sinni. Þannig varð verkið MammaMamma til þegar við Charlotta Boving eignuðumst fyrstu börnin okkar 35 ára gamlar og svo fæddust hugmyndir að tveimur ólíkum verkum þegar ég fór í gegnum skilnað,“ segir María sem skildi við eiginmann sinn Þorstein J. Vilhjálmsson fyrir fjórum til sex árum, eins og hún orðar það. Annað verkið er Ferðalag Fönixins en hitt er Augun mín. Augun þín, um þrjár

skáldkonur sem uppi voru á öndverðri níttjándu öld. Ein þeirra er Agnes Magnúsdóttir sem var tekin af lífi í Vatnsdalshólum og María túlkaði í myndinni Agnes. Hinar eru Guðný frá Klömbrum og Skáld-Rósa.

„Mér fannst alltaf að sögur þessara þriggja kvenna ættu að tala saman þannig að þegar ég var að koma út úr þessum skilnaði hugsaði ég: nú er tíminn til að fanga þetta efni og tengja saman þessar þrjár konur sem allar gengu í gegnum ástarsorg en brugðust ólíkt við; Agnes drepur manninn og missir höfuðið, Guðný sligast af harmi á níu mánuðum og skrifar ljóð fram á síðasta dag sem er eins og hjartalínurit að fjara út. Svo er það Skáld-Rósa sem berst og dettur en kemst á lappir, slítur sig frjálsta og fer sína leið,“ lýsir María. Hún kveðst hafa unnið þetta verk með Snorra Frey Hilmarssyni leikmyndateknara sem setur hlutina í sögulegt samhengi og svo lærimeistara sínum frá New York University, Kevin Kuhlke, tilraunaleikhúss-leikstjóra.

„Við lögðum lokahönd á verkið úti í Arabíu um daginn, af öllum stöðum,“ segir María gláðlega. „New York-háskólinn í Abú Dabí bauð mér að halda fyrirlestur í leiklistardeildinni og okkur Kevin að prófa verkið í vikulangri höfundarsmiðju með leiklistarnemum deildarinnar. Þar í eyðimörkinni lifnuðu þessar íslensku skáldkonur við – og einn karl, sem leikur þrjú hlutverk. Þannig að nú er þetta verk tilbúið til uppfærslu.“

Er ekki texti í því? „Jú, það er svo skemmtilegt. Ferðalag Fönixins var orðlaust og alveg opið til túlkunar en þetta leikrit er fullt af orðum, bæði í bundnu máli og

óbundnu. Það er skrifað af okkur Kevin á ensku en Þórarinn Eldjárn þýðir það og ljóðin eru auðvitað ort á íslensku. Næsta verkefni er að fjármagna það og koma því á fjálar,“ segir María og heldur áfram. „Guðný hefur leitað á mig lengi og það er góð tilfinning að hafa fundið henni farveg. Hún var amma Haraldar Nielsssonar prófests sem var langafi minn.“

Leiklistin ástríða

María er líka að leika þessa dagana í lögguseríunni Hrauninu, framhaldi af Hamrinum sem sýndur var í sjónvarpinu fyrir fáum árum. Seríurnar eru eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson og í leikstjórn Reynis Lyngdal. „Ég leik tæknideildarlögreglu sem mætir á staðinn, mjög mikinn töffara og blóðferlasérfræðing,“ segir María brosandí og upplýsir að tókurnar fari fram á Snæfellsnesi og í nágrenni Reykjavíkur.

Hún segir leiklistina hafa verið henni algera ástríðu frá því hún var unglingur. Þó hafi hún reynt að streitast á móti því hún hafi verið hrædd um að leiklist væri of léttvæg. „Það er alvarlegur tónn í mér. Mér finnst að það sem ég geri í þessu lífi þurfi að vera mikilvægt og skipta máli og var mikið að spá í að verða lækni eða jafnvel prestur. En svo komst ég að því að leikhúsið er á svipudum slóðum því það er, þegar best er á kosið, bæði læknaði, vekjandi og umbreytandi og maður er alltaf með lífið sjálft í höndunum.“

Svo lengi sem þú leikur ekki glæpakvendi, segi ég hugsandi. „Ég lék morðingja þegar ég lék Agnesi en ég hugsa að margar konur geti séð sjálfar sig í henni og fundið blóðbragðið sem hún var með í munnum, þó þær fari

ekki í það að myrða neinn. Hún rís upp gegn óréttlæti og ofbeldi og hefnir sín. Ég hugsa alltaf: Fólk er ekki komið í bíó eða leikhús til að sjá Maríu Ellingsen, heldur sjálft sig. Því lengra sem ég fer inn í sálina á mér því nær kemst áhorfandinn eigin sál. Í leikhúsinu getur fólk fengið nýtt sjónarhorn á líf sitt, skilið sjálft sig betur, fengið huggun eða fundið leiðir til að ná vopnum sínum á einhvern hátt.“

Við erum ekki guð

Þú nefndir prestinn. Ert þú trúuð kona? „Já, ég er bæði trúuð og almennt andlega sinnuð. Ég hef tengt mig við kristna trú, stúderað búddisma og ástundað jóga frá unglingsárum. Þabbi er mjög andlega sinnuður, opin, fordómalaus og mikill pælari og það hefur skilað sér í því að ein systir mín er búddisti og yngstu systkini mín sem eru tvíburar eru í jógafræðunum. Bróðir minn var meira að segja munkur í hindúaklaustri í tuttugu ár.“

Hafði langafi þinn þessi áhrif á ykkur? „Ég held það. Það er varla hægt að vera afkomandi Haraldar Nielsssonar án þess að það hafi sterk áhrif á andlegt líf manns. Maður hugsar sig ekki í miðju alheimsins heldur verður meðvitaður um að maður er aðeins lítil hluti af einhverju stærra og magnaðra samhengi. Við erum ekki guð. Mér finnst mikilvægt að halda í þá auðmýkt gagnvart tilverunni. Fyrir utan að það væri dálítið mikið álag að vera guð.“ segir María brosandí.

María stýrði barnastarfi Dómkirkjunnar í nokkur ár og skrifaði kennsluefni fyrir barnastarf þjóðkirkjunnar. „Mér finnst mjög dýrmætt að fá að miðla því til barna

„Ég hélt alltaf að ég yrði lækni sem ynni í Afríku við að bjarga heiminum en varð svo bara leikari á Íslandi. Stundum hef ég sagt að Lára sé mín Afríka því uppeldi hennar er stóra, stóra verkefni mitt í lífinu.“

að það er yfir oss vakað – eins og langafi hefði sagt – og kenna þeim að þakka fyrir það sem við höfum, biðja um það sem við þurfum og biðja fyrir öðrum, það tengir mann við þetta stóra samhengi sem maður er hluti af. Við förum í gegnum lífið með öðrum.“

Þessi umræða leiðir hugann að persónulegum högum Maríu. Skyldi hún hafa fundið annan mann?

„Nei, ég er í þeirri ótrúlegu aðstöðu að vera bara á lausu,“ segir hún og hlær. „Ég er stundum spurð hvernig á því standi. Ég get eiginlega ekki svarað því nema með því að það hefur tekið tíma að vinna úr þessari lífsreynslu. Ég er svolítið gamaldags og fer djúpt í hlutina. En ég lofaði mér því að þegar ég væri komin í gegnum sorgina yrði ég ekki bitur, heldur með opið hjarta. Mér finnst það hafa tekist og ég finn fyrir auðmýkt og þakklæti fyrir ferðalagið, reynsluna og uppskeruna. Það er flókið að vera manneskja og enn flóknara fyrir tvær manneskur að ganga í takt. En það er á sama tíma skemmtileg áskorun og eitt það mest þroskandi í lífinu svo ég vona sannarlega að ég verði svo gæfusöm að eignast sálufélaga á ný til að vaða með yfir ár og strauma lífsins.“



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA

Tilboðin gilda í dag, föstudag, laugardag og sunnudag

BARNADAGAR

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

60-70%

Kynningarafsláttur af Hero barnamat



Verðdæmi

Hero Baby hrísmjólk 500 g.....	áður 799 kr.	Nú 298 kr.
Hero Baby morgunkorn 250 g	áður 399 kr.	Nú 138 kr.
Hero Baby epla- og bananamauk 125 g ..	áður 139 kr.	Nú 48 kr.
Hero Baby peru- og ananasmauk 125 g ..	áður 139 kr.	Nú 48 kr.
Hero Baby þurrmjólk 500 g.....	áður 1.299 kr.	Nú 398 kr.

Kynningarverð

Iceland



LEIKKONAN „Fólk er ekki komið í bíó eða leikhús til að sjá Maríu Ellingsen, heldur sjálf sig. Því lengra sem ég fer inn í sálina á mér því nær kemst áhorfandinn eigin sál.“

► Stóra, stóra verkefnið

María á tvær stelpur. Láru og Kristínu. „Lára er fiðrildi með risastórt hjarta og krullur og snert af einhverfu. Það er búið að vera gefandi verkefni að læra hennar tungumál og finna leiðir til að hjálpa henni að blómstra. Ég er ótrúlega þakklát fyrir það,“ segir María einlæg og heldur áfram. „Það kom í ljós um leið og hún fæddist að það var eitthvað ekki í lagi, hún grét hástöfum fyrsta árið sitt, stanslaust. Það var svakaleg eldskírni fyrir nýbakaða móður. Ég var þrjátíu og fimm ára og það var eins gott að ég var komin til þroska, þá gat ég staðið í lappirnar. Svo eignaðist ég Kristínu rétt fyrir fertugt og hún er að verða tíu ára, efnileg, skemmtileg og hjartahlý stúlka.“

Ertu sem sagt að segja mér að þú sért að verða fimmtug?

„Já, við mæðgurnar eigum allar stórafmæli á næstunni. Kristín verður tíu ára núna í nóvember og við Lára eigum afmæli í janúar, hún verður fimmtán ára og ég

fimmtug. Við ætlum að fara til Afríku, á Kilimanjaró og í safarí um áramótin með tveimur vinafjölskyldum af þessu tilefni. Það verður gaman. Ég fékk Afríku á heilann þegar ég var lítið barn, eins og ég hefði átt þar heima einhvern tíma í fyrra lífi. Ég hélt alltaf að ég yrði lækni sem ynni í Afríku við að bjarga heiminum en varð svo bara leikari á Íslandi. Stundum hef ég sagt að Lára sé mín Afríka því uppeldi hennar er stóra, stóra verkefni mitt í lífinu.“

María á líka son sem hún að sögn fékk í kaupbæti. „Hann Tómas minn Þorsteinsson er 24 ára fótballastrákur og er að ljúka námi í verkfræði. Tómas var fyrsta barnið mitt og bjó mig undir framhaldið og við erum miklir vinir. Þá erum við mamma hans í hestamennsku saman og hann getur oft náð okkur báðum í sama símtalinu!“ Hestaáhuginn hefur fylgt henni frá því hún man eftir sér. „Lengi vel hugsaði ég að ég gæti bara farið í stakar hestaferðir og sleppt stússinu sem fylgir því

að eiga hest en svo lét ég drauminn rætast og eignaðist hest fyrir fimm árum og stússið er æðislegt. Það hefur verið ótrúlega gefandi að eiga sinn eigin hest og ná samspili við hann. Svo er hundurinn Hneta á heimilinu. Hún hefur verið mikill þerapíuhundur fyrir Láru og passar að hún fari ekki alltof langt inn í sig.“

Markmiðið er að efla fólk

Náttúruvernd er stór partur af lífi Maríu. Hún er einn af stofnendum Framtíðarlandsins sem fósttar verðmæti Íslands og er hugmyndaveita fyrir samfélagslega nýsköpun, og formaður stjórnar þess. Auk þess sem hún er í stjórn Auðlindar náttúrusjóðs sem Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur stofnaði. „Guðmundur Páll heitinn var mér dýrmætur lærimeistari og kenndi mér að það er ekki nóg að þykja vænt um náttúru Íslands í hjarta sér, maður verður að verja hana því hún er ómálga. Hann sagði að örlagaspurningin væri sú hvort við yrðum græðgi að bráð eða settumst loks á þúfuna og biðum eftir sálinni í okkur og samhefðum hana sál landsins,“ segir María og kveðst aðspurð hafa verið úti í Gálgahrauni nýlega og það hafi verið yfirþyrmandi reynsla.

Næsta sumar biður nýtt ævintýri Maríu. Hún hefur tekið að sér að leiða fimmtán norræn ungmennti í gegnum leiklistarferðalag sem hefst á Svalbarða. „Já, alls verður 75 unglingum af öllum Norðurlöndunum skipt í fimm hópa sem ferðast og kynnast sirkus, músík, sjónlist, dansi og leiklist og mætast í Austur-Finlandi þar sem við búum til risastóra lokasýningu með þeim.“

En eru ekki ísbirnir á Svalbarða? „Jú, ég held að maður fari ekki út í póstkassa öðru vísi en með byssu. Ég þarf kannski að fara að koma mér upp byssuleyfi.“

Ekki eru öll verkefni upptalin enn sem María er að fást við því hún fetar í fótspor Gunnars Eyjólfssonar leikara og kennir ræðumennsku. Vinnur bæði á eigin vegum og hjá Háskólanum í Reykjavík. „Ég fór upphaflega af stað með námskeið til að styrkja konur í að koma fram en víkkaði það fljótlega út,“ upplýsir hún. „Fólk býr yfir svo mikilli reynslu og þekkingu en vantar tækni til að miðla hugmyndum sínum á áhrifamikinn hátt. Það er virkilega gefandi að sjá fólk stíga út úr sviðsskrekki og finna styrk sinn.“

En er ekki erfitt að vera að vasast í svona mörgu? „Þetta er í raun allt af sama meidi,“ svarar María. „Markmiðið er að efla fólk og miðla ljósi. Þegar ég er að kenna er ég bæði að koma fram og leikstýra. Byrja á að standa fyrir framan áhorfendur og svo sendi ég þá upp í pontu. Ég hef alltaf notið þess að kenna og þetta er tækifæri til að halda hnífunum sínum beittum og láta gott af sér leiða.“

BÚUM VIÐ Í PALESTÍNU?

Flaug í gegnum huga minn í gær þar sem við stóðum fyrir framan skriðdreka Vegagerðarinnar sem tættu vægðarlaust í sig aldagamalt gróið hraunið sem Kjarval elskaði að mála. Ég leikstýrði verki ekki alls fyrir löngu um Rachel Corrie, unga stúlku sem stóð á hól eins og þessum til að verja heimili fjölskyldu í Palestínu fyrir ísraelska hernum, og það fór svo í taugarnar á manninum á skriðdrekanum að hann keyrði yfir hana.

Að sjá lögregluhersveit, vopnaða kylfum og táragsi, íklædda skotheldum vestum og leðurhönskum með hnúajárnum til að mæta fólki, mörgu á sjötugs- og áttæðisaldri, sem lagðist í lyngið til að verja þetta hraun með lífi sínu og veitti enga mótspyrnu.

Það var var eins og ljótasta senan úr Avatar.

Hvar erum við eiginlega stödd? Af hverju er náttúran okkar skotspónn?

Í stríðum milli þjóða er það þekkt ráð að veikja andstæðing með því að myrða börnin og nauðga konunum. Getur verið að náttúra Íslands sé í þessu hlutverki í pólitísku stríði hér á Íslandi. Að náttúran sé álitin hjartað í þeim sem eru taldir vinstri og til að sýna yfirburði og særa andstæðinginn helsári sé ráðist á náttúruna. Hvernig er hægt að útskýra þennan fjandskap hægrimanna út í náttúru Íslands?

Það er allavega skrítið að á örfáum mánuðum hafi þessi nýja ríkisstjórn, sem ekki gengur mikið undan að öðru leyti, aflýst friðun Þjórsárvera, undirbúið að afturkalla náttúrufræðing, sett spurningamerki við Ramma-áætlun, talað um að skera hálandið í tvennt með háspennulínu, mælt með að vegur verði lagður í gegnum Teiggsskóg, rætt um að leggja niður umhverfisráðuneytið, virkja Reykjanesið til að geta reist álver í Helguvík og gefið grænt ljós á eyðileggingu Gálgahrauns.

Er það einlæg hugsjón hægrri manna og kvenna að ráðast gegn náttúrunni eða er þetta herbragð til að sýna vald, koma fram hefnd? Og ég segi hefnd því ég skynja heift hjá þeim sem fengu rauða spjaldið eftir hrun, voru reknir út af og fóru í leikbann og eru núna að labba inn á völlinn aftur.

Ég vona svo sannarlega að ég hafi rangt fyrir mér því mér brá þegar þetta kom mér í hug barna út í hrauninu.

Það veldur líka vonbrigðum að sjá stjórnmalakonunni eins og Hönnu Birnu falla hér í sömu gryfju og Sif, Valgerður og Ingibjörg Sólrún í Kárahnjúkamálinu sem virtust halda að með því sýndu þær að þær hefðu sama styrk og kjark og strákarnir af því að þær þyrðu í stríð ... gegn landinu.

En hvar er sú kona og maður við völd sem eru tilbúin að sýna alvöru styrk og alvöru kjark með því að halda verndarhendi yfir þessu landi sem okkur er treyst fyrir, horfa til framtíðar, velja frið, sátt, samtal og sýna virðingu? Nota umboð sitt til góðra verka en ekki skemmdarverka?

Því staðreyndin er að við búum ekki í Palestínu – við erum ein þjóð, ein lítil þjóð í einu litlu landi – og það vill svo til að náttúra Ísland er það sem gerir það einstakt. Er nátegg sjálfsmynd okkar, nærir okkur og veitir okkur innblástur til sköpunar. Og er í aðalhlutverki í þeirri ímynd sem við byggjum viðskipti okkar á. Ef það er eitthvað sem við ættum öll að geta verið sammála um er það að standa saman og vernda þetta fjöregg okkar.



Í GÁLGAHRAUNI Skriðdrekar Vegagerðarinnar tættu vægðarlaust í sig aldagamalt hraunið sem Kjarval elskaði að mála.

MYND/MARÍA ELLINGSEN



Ný lög – nýir lánaskilmálar

Kynntu þér breytingar á upplýsingagjöf til neytenda og nýja lánaskilmála Íbúðalánasjóðs vegna nýrra laga um neytendalán á www.ils.is

- Greiðslumat sniðið að ákveðinni eign
- Aukin upplýsingagjöf við lánveitingu
- Nýir lánaskilmálar



Íbúðalánasjóður



Hyundai Santa Fe Comfort, dísil
2,2 dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrif. Verð 7.450 þús. kr.
Eyðsla 6,7 l/100 km*



Hyundai ix35 Comfort, dísil
Beinskíptur, fjórhjóladrif. Verð 5.690 þús. kr.
Eyðsla 5,9 l/100 km*

Einnig fáanlegur sjálfskiptur, dísil.



Hyundai i30 Station, dísil
Verð 3.490 þús. kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

Komdu í heimsókn og reynsluaktu nýjum Hyundai sem hentar þér.

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður 5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur með öllum nýjum Hyundai bílum.

Opið í dag frá 12-16

VETRARGLAÐNINGUR Í NÓVEMBER

Með öllum nýjum Hyundai bílum fylgja veglegir kaupaukar. Upplýsingar hjá sölufulltrúa í síma 575 1200.



Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is



Hyundai / BL ehf.

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

Yfir 1000 vörur á tilboði!

40"

SAMSUNG

Samsung UE40F6100AWXBT
Nýja 6000 línan frá Samsung.
40" Full HD 3D LED sjónvarp með
200Hz Clear Motion Rate. 2 Active
brívíddargleraugu fylgja. 20w Dolby
Digital Plus hljóðkerfi með DTS
Premium Audio 5.1

~~189.989~~
149.989



~~99.989~~
79.989



TOSHIBA

Toshiba Satellite C870-1JL
17.3" TFT WXGA LED fartölva með Intel 1000M
Dual core örgjörva. 4GB minni. 1TB SATA diskur.
DVD-RW og CD-RW skrifari. USB 3.0, 2x USB2.0,
VGA, HDMI, kortalesari o.fl. Windows 8 64-BIT.



~~99.989~~
69.989

CANDY

Candy GC1272D2
1200 sn og 7kg þvottavél.
Stafræn niðurtalning.
15 kerfi og hraðkerfi.
Orkuflokkur: A++.



SEVERIN

Severin KA9699
1000w kaffivél fyrir 10 bolla.
Vatnsmælir. Non-drip ventill.
Hitaplata. Stál.

~~4.989~~
2.989

Nextbook NX010HI8G
Trendy spjaldtölva með 10.1" LCD 1280
x 800 snertiskjá og Dual Core Cortex
A9 örgjörva. 1GB DDR3 vinnsluminni,
8GB Flash minni og MicroSD rauf.
Android 4.1. Allt að 6 tímar á rafhlöðu.



~~34.989~~
24.989

Yonanas 282700
Yonanas ísgerðarvél sem notar allar gerðir
af frosnum ávöxtum. Fljótlegt, hollt og gott.

YONANAS



~~11.989~~
8.989



~~14.989~~
8.989

EPSON

Epson XP305
Prentari sem getur allt.
Skannar, ljósritar og
prentar þráðlaust fyrir
allt heimilið. Hraðvirkur
og með einföldu
notendaviðmóti. 5.000
króna afsláttur.



~~74.989~~
64.989

VESTFRÖST

Vestfrost CW260M
144 sm kælikápur með 39 lítra
frysti, 187 lítra kæli, 4 glerhillum, 3
hillum í hurð og grænmetisskúffa.
Orkunýting A+. 2,5 kg frystigeta á 24
klst. Mál (hxbxd): 144x54x60 sm.



Scandomestic SF04100
60sm uppþvottavél með 5 kerfi.
Vatnsflæðivörn. Þvottahæfni A.
Orkunýtni A+. Purrgeta A.



Samsung UE32F5000AWXXN
32" LED Full HD 1920x1080p. 100 Hz Clear Motion Rate. Ljóssemi. Mega
Contrast. Stafrænn DVB-T móttakari. Heyrnatólatengi. USB, 2 x HDMI o.fl.

~~99.989~~
89.989

32"



~~84.989~~
69.989



PHILIPS

Philips DTM3170
150W RMS samstæða með iPhone5/iPad vögg og
CD spilara. w00x hljóðtækni. Digital Sound Control.
Bluetooth. RDS FM útvarp með 20 minnum. USB
Direct / MP3 Link tengi. Vandaðir 2 way hátalarar.

~~49.989~~
39.989



~~164.989~~
129.989

SAMSUNG

Samsung RL56GHGSW
185sm kælikápur með 357L
kæli og 104L frysti. Digital
stjórnborð. No Frost. Frystigeta
8kg. Orkuflokkur A++.

**ALLIR PS3
TÖLVULEIKIR
9.989**

**ÖLL
ÍSLENSK
TÓNLIST
1.989**

**ALLAR NÝJAR
BLU-RAY MYNDIR
2.489**

**ALLAR NÝJAR
DVD MYNDIR
1.989**

**AIDA BÚSÁHÖLD
MEÐ 50% AFSLÆTTI**

SJÖÁRA

YFIR 1000 AFMÆLISTILBOÐ 2.-10. NÓV.

Afmælisteikurinn er á **MAX.is**, vinningshafinn hlýtur glæsilegt 50" Neoplasma sjónvarp og 1000w 3D heimabíókerfi frá Panasonic að verðmæti **kr. 440.000!**

Það eina sem þarf að gera er að fara inn á **MAX.is** og skrá sig í leikinn.

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓ HEIM Í STOFU!



max.is



Komin á DVD

Verðvernd Max
33 DAGAR

Skilaréttur Max
33 DAGAR

Tilboðin gilda 2.-10. nóvember
eða meðan birgðir endast.



Velkomin á
Dolce Gusto
kaffikynningu
kl. 13-17 í dag.



DeLonghi

MAX
RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kaupþúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

BEINT Á MÓTI IKEA

Króatar standa í veginum

Tveir leikir gegn Króötum standa á milli þess að íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu tryggi sér sæti á HM í Brasilíu næsta sumar og ljóst er að margir landsmenn eru orðnir spenntir fyrir því sem gæti gerst. Hversu góðir eru Króatar? Hverjir eru möguleikar Íslands? Hvað kostar farið til Brasilíu? Svör við þessum spurningum og fleiri má finna hér að neðan.

Kolbeinn Tumi Daðason

kolbeinntumi@frettabladid.is



7-1

fyrir Króatíu. Ísland og Króatía hafa tvívegis mæst á knattspyrnuvelli og höfðu þeir rauðu og hvítu betur í bæði skiptin. Króatía vann sannfærandi 4-0 sigur

í Zagreb vorið 2005 í undankeppni HM 2006. Núverandi þjálfari liðsins, Niko Kovac, skoraði tvö marka Króata í leiknum og miðvörðurinn Josip Simunic, sem enn stendur vaktina í vörninni, eitt. Eiður Smári Guðjohnsen kom Íslandi yfir í leiknum á Laugardalsvelli en Króatar svöruðu

með þremur mörkum og unnu 3-1 sigur. Darijo Srna, hægri bakvörður og fyrirliði Króata í dag, skoraði þriðja markið úr vítaspyrnu.

Eiður Smári og Kári Arnason eru einu af núverandi landsliðsmönnum sem komu við sögu fyrir átta árum.

→ Flestir leikir og mörk

Eiður Smári Guðjohnsen er bæði leikjahæsti og markahæsti leikmaðurinn í núverandi landsliðshópi Íslands. Eiður Smári hefur skorað 24 mörk í 76 leikjum og er sá markahæsti í sögu landsliðsins.

Hinn 31 árs gamli Darijo Srna er landsleikjahæsti Króatinn með 108 leiki og heldur áfram að bæta metið með hverjum leiknum. Markvörðurinn Stipe Pletikosa kemur á hæla honum með 107 leiki. Eduardo er markahæsti Króatinn í hópnun með 29 mörk í 60 leiknum. Davor Suker er sá markahæsti í sögunni með 45 mörk en hann er núverandi forseti Knattspyrnusambands Þjóðarinnar.



→ Ógengi Lagerbäck gegn Króötum

Ekki batnar tölfraði íslenska liðsins gegn því króatíska þegar viðureignir Svía undir stjórn Lars Lagerbäck eru skoðaðar. Sá sænski stýrði löndum sínum í þrígang gegn Króötum sem unnu sigur í öll skiptin. Króatar unnu 2-1 sigur í æfingaleik árið 2003. Darijo Srna skoraði sigurmarkið í tveimur 1-0 sigrum Króata í undankeppni HM 2006.



→ Ungt lið að árum

Króatía fékk sjálfstæði frá Júgóslavíu árið 1991 og spilaði sinn fyrsta landsleik gegn Bandaríkjunum sama ár. Sigur vannst 2-1. Landsliðið fékk inngöngu í Alþjóða- og evrópska knattspyrnusambandið árið 1993. Liðið tók fyrst þátt í undankeppni fyrir Evrópumótið 1996. Liðið vann sinn riðil en féll út í átta liða úrslitum fyrir Evrópumeisturum Þjóðverja.

→ Besti sóknarmaður Evrópu

Íslenskir varnarmenn þurfa að hafa að góðar gætur á framherjanum Mario Mandzukic sem spilar með Evrópumeisturum Bayern München. Sá stóri og nautsterki skoraði 22 mörk á síðustu leiktíð og hefur verið sjóðandi heitur með Bæjrum það sem af er leiktíð.

„Það er ekki til öflugri skallamaður í heiminum en hann,“ segir Pep Guardiola um framherjann 27 ára. 20 af 42 mörkum Mandzukic í þýsku úrvalsdeildinni hafa verið skorud með skalla. Hann var valinn knattspyrnumaður ársins í Króatíu á síðasta ári.



→ Ekkert þak yfir stúkunum

Króatar spila flesta heimaleiki sína á Maksimir-leikvanginum í Zagreb. Nafnið sækir leikvangurinn til þess hverfis borgarinnar sem hann stendur í. Króatar hafa fengið sig fullsadda af velliðum sem fagnaði aldarafmæli sínu í fyrra.

„Við köllum leikvanginn ýmist þann ljótasta í Evrópu eða skömm Maksimir,“ segir króatíska blaðamaðurinn Alexandar Holiga. Hlaupabraut er umhverfis völlið líkt og Íslendingar þekkja svo vel úr Laugardalnum. Þess utan er ekkert þak yfir stúkunum. Íslenskir stuðningsmenn sem ætla að mæta á leikinn í Zagreb ættu að íhuga að taka regnföt með til vonar og vara.

→ 20. heimsmeistaramótið

Það fer vel á því að sigursælasta þjóð sögunnar í knattspyrnu taki að sér gestgjafahlutverkið á HM næsta sumar. Brasilía hefur fimm sinnum orðið heimsmeistari og eina þjóðin sem hefur verið með í öll tuttugu skiptin. Þeir gulklaeddu hafa einu sinni áður haldið keppnina. Það var árið 1950 þegar enginn eiginlegur úrslitaleikur var leikinn. Fjögur lið léku í úrslitariðli þar sem Úrúgvæ lagði Brasilíu 2-1 í lokaleik riðilsins á Maracana-leikvanginum í Brasilíu. 174 þúsund Brasilíumenn setti hljóðan þegar flautað var til leiksloka og titillinn langþráði úr augu. Sambastráknir gátu hins vegar dansað og fagnað titlinum 1958, 1962, 1970, 1994 og 2002.

→ Rándýr ferð til Brasilíu

Takist íslenska liðinu hið ótrúlega og leggi Króata að velli er ljóst að strákarnir okkar verða á meðal 32 bestu knattspyrnuþjóða heims á HM í Brasilíu næsta sumar. Vafalítið myndu fjölmargir stuðningsmenn Íslands vilja skella sér í sólina og upplifa sögulega stund. Vonandi eru hinir áhugasömu byrjaðir að safna.

Hér að neðan má líta grófa kostnaðaráætlun miðað við tíu daga ferð tveggja einstaklinga þar sem farið er á þrjá leiki Íslands í riðlakeppninni.

Flug frá Íslandi til Brasilíu	300.000
Hótel í þrettán nætur í Brasilíu	100.000*
Prjú innanlandsflug í Brasilíu	90.000
Prír miðar á völlið	35.000
Leigubílar, matur og skemmtun	200.000
Heildarkostnaður	725.000 á mann

*Tveir deila tveggja manna herbergi



→ Bronsið í Frakklandi

Besti árangur Króata á stórmóti kom á HM í Frakklandi 1998. Liðið fór alla leið í undanúrslit þar sem liðið tapaði 2-1 gegn heimamönnum og verðandi heimsmeisturum. Liðið lagði Holland í leiknum um þriðja sætið og Davor Suker fékk gullskólinn fyrir að skora flest mörk. Með árangri sínum komst landsliðið í 3. sæti styrkleikalista FIFA sem er besti árangur þess. Besti árangur Íslands er sá sem nú hefur náðst, umspilssæti í undankeppni HM. Liðið hefur hæst setið í 37. sæti FIFA-listans.



Fáanleg sem rafbók í
iBookstore

Bók sem
allar konur
þurfa að eiga!




Förðun skref fyrir skref.

Í þessari bók kennir Kristín Stefánsdóttir konum förðun og umhirðu húðar á einfaldan og skilmerkilegan hátt.


Ég varð alveg heilluð af bókinni þegar ég sá hana. Hún er bæði fagleg, fræðandi og falleg. Þarna er farið í öll atriði sem snúa að almennri förðun.
Þórunn Högnadóttir

Bara allt tekið fyrir – augnhárin, eyeliner, smokey... allt sem venjulegar konur segjast bara "aldrei geta lært"! **Valgerður Guðmundsdóttir**

Þetta er svo kærkomið inn á markaðinn og tímalaut. Þetta er eitth



www.edda.is

 /fordun

edda



STÓRU BÖRNIN Hugmyndin að verki Lilju Sigurðardóttur sem frumsýnt er í kvöld spratt upp úr breskum sjónvarpsþætti um infantílista.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fallegt að leita í fortíðarsjálfið

Í kvöld frumsýnir leikhópurinn Lab Loki Stóru börnin, fyrsta leikverk **Lilju Sigurðardóttur**, í Tjarnarbíói. Verkið fjallar um infantílista, fólk sem þráir að haga sér og láta meðhöndla sig eins og börn. Lilja segir leikritið hafa átt að verða til.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is



sem samkynhneigð manneskja finnst mér ég hafa meiri skilning á fólki sem er almennt út úr rammanum en margir aðrir. Þess vegna var mér mikið í mun að vinna þetta leikrit vel og sýna því mikla virðingu að til sé fólk sem þráir að lifa lífi sínu eins og börn. Síst af öllu vildi ég gera niðurlægjandi grín að því," segir Lilja Sigurðardóttir. Leikhópurinn Lab Loki frumsýnir í kvöld fyrsta leikverk Lilju, Stóru börnin í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar, í Tjarnarbíói. Infantílistar og hulinn heimur þeirra er í forgrunni í verkinu, fólk sem vill haga sér og láta meðhöndla sig eins og börn og er tilbúið að borga fyrir slíka þjónustu. Fólk sem er á höttunum eftir eins konar móðurást.

Kaupa sér nálægð

Hvaða persónur eru það sem sækja aftur í þeirra eigin fortíð í verkinu? „Verkið fjallar um konu sem starfar sem dagamma fyrir fullorðin fólk, infantílista, og þrjá viðskiptavini sem koma úr hinum ýmsu aðstæðum. Einn sækir í sársauka æskunnar, annar er á flótta undan ábyrgð

í lífinu og sá þriðji er að þrotum komin eftir endalausum þvæling milli ástarsambanda. Í rauninni má líta á verkið á nokkra vegu. Þjónustan sem dagamma, sem kallar sig einfaldlega mömmu, veitir vekur sömu spurningar og vændi því um er að ræða kaup og sölu á ást, þótt í þessu tilfelli sé það móðurást. Leikritið fjallar líka um sálarástand viðskiptavinnanna og eymd fólksins sem sér ekki aðrar leiðir færar en að kaupa þjónustu annarrar manneskju til að finna fyrir nálægð. Svo má auðvitað líka nálgast þetta verk sem fjölskyldudrama með mömmu og þremur börnum og öllum þeim málum sem koma upp í fjölskyldum.“

Spratt upp úr sjónvarpsþætti

Hvernig kviknaði hugmyndin að verkinu? „Verkið sprettur í raun upp úr sjónvarpsþætti sem ég sá þegar ég bjó í Englandi fyrir um áratug. Við Rúnar Guðbrandsson leikstjóri, sem þá var mágur minn, vorum samtíða í Leicester og ræddum mikið þennan þátt, sem fjallaði um infantílista og þá þjónustu sem þeir sækja í. Síðar þegar ég víðaði þessa hugmynd við Rúnar, að semja leikrit um þetta viðfangsefni, uppveðradist hann allur og sagðist hafa haft svipaða hugmynd í kollinum lengi. Þetta small því mjög skemmtilega saman. Þessi tilhneiging, að leita aftur í for-

tíðarsjálfið, finnst mér svo full af nostalgíu og fegurð og ég varð mjög glöð þegar ég heyrði að Rúnari þætti það líka.“

Leitaðir þú þér frekari upplýsinga um infantílista við undirbúning verksins? „Já, við höfum til að mynda kynnt okkur fleiri heimildarmyndir og lesið bækur um infantílista, auk þess sem heilt samfélag á netinu snýst um infantílistisma. Það er hægt að finna með því að gúgla ABDL, Adult Baby Diaper Lovers, og finna alls kyns þjónustu sem er í boði. Til dæmis eru til sérfataverslanir sem selja barnaföt fyrir fullorðin fólk, stór barnahúsgögn og margt fleira sem fólk þarf til að geta lifað eins og börn.“

Er svona samfélag til á Íslandi?

„Á einkamálasíðum eru auglýsingar frá infantílistum sem leita hver annan uppi og við höfum líka haft ávæning af því að þjónusta eins og sú sem mamma í leikritinu veitir sé rekin hér á landi. Það hefur þó reynst erfitt að fá ítarlegri upplýsingar um þessa þjónustu því infantílisti viðist vera mjög mikið tabú, einhverra hluta vegna.“

Er infantílisti af kynferðislegum toga? „Eitt af því athyglisverðasta við þetta allt saman er að infantílistar lýsa þessari tilhneigingu sinni annaðhvort sem kynferðislegri eða alls ekki kynferðislegri. Þetta er skilgreint

sem „fetish“, blæti sem felur í sér að fólk æsist upp við hluti sem vanalega eru ekki flokkaðir sem kynferðislegir. Infantílisti eins og hann kemur fyrir í leikritinu snýst þó ekki um að laðast að hlutum, eins og snuðum eða bleyjum, heldur þeirri heildarupplifun að vera barn. Persónurnar í verkinu laðast heldur alls ekki að börnum heldur sinni eigin æsku. Það finnst mér merkilegt.“

Ekkert til sem heitir tilviljun

Lilja er uppeldisfræðingur að mennt og starfar hjá Hjallastefnunni við leikskólaeftirlit. Hún hafði lengi dundað sér við ýmis konar skriftir en hafði þó aldrei hugsað sér að gerast rithöfundur fyrir en útgáfufyrirtækið Bjartur auglýsti eftir spennusögum til útgáfu og í kjölfarið kom fyrri af tveimur skáldsögum hennar til þessa, glæpasagan Spor, út árið 2009. Sjálfstætt framhald þeirrar bókar, Fyrirgefning, leit svo dagsins ljós árið eftir en Lilja segir engar frekari bókaskriftir á döfinni að svo stöddu.

Ertu búin að fá nóg af bóka-skrifum? „Með leikhússkrifunum finnst mér að ég hafi fundið farveg sem hentar mér mjög vel og virðist liggja vel fyrir mér. Kannski er það vegna þess að ég er svo mikið fyrir hið sjónræna. Ég hef þegar lagt drög að næsta leikhússkrifum, sem heitir Valdarán og fjallar um

„Ég hef þegar lagt drögin að næsta leikhússkrifum, sem heitir Valdarán og fjallar um valdarán af ýmsum toga. Ef við segjum að Stóru börnin séu leikur með kenningar Freuds þá er líka hægt að segja að Valdarán sé leikur með Foucault, svo maður taki nú bara fyrir eitt uppáhald í einu“

valdarán af ýmsum toga. Ef við segjum að Stóru börnin séu leikur með kenningar Freuds þá er líka hægt að segja að Valdarán sé leikur með Foucault, svo maður taki nú bara fyrir eitt uppáhald í einu.“

Þú vilt meina að tildrög þessa leikverks, sjónvarpsþátturinn sem þú og Rúnar leikstjóri sáuð bæði úti í Englandi, sé engin tilviljun? „Ég hef afskaplega litla trú á því að nokkuð sé til sem heitir tilviljun. Ég trúi á karma og í mínum huga er það engin spurning að þetta verk átti að verða til fyrst leiðir okkar Rúnars lágu aftur saman á þennan hátt. Ég er búddisti og trúi því að lífið byggist á orsökum og afleiðingum.“

Hefurðu lengi verið búddatrúar? „Já, í þó nokkuð mörg ár. Búddatrúin er á mörkum þess að

vera trú og heimspeki, en gengur út á að reyna að vera almennileg manneskja og koma vel fram við allar lifandi verur. Það er kannski leiðinlegt að segja það, en búddisminn er eina trúin sem móðgar mig ekki vitsmunalega.“

Beið eftir að verða stór

Þegar Lilja bjó í Leicester, þar sem hún sá sjónvarpsþáttinn eftirminnilega um infantílista, var hún að fylgja sinni heitelskuðu, Margrétu Pálu Ólafsdóttur, sem var að ljúka meistaranámi sínu í borginni. Margrét Pála er höfundur Hjallastefnunnar og er fimmtán ára aldursmunur á henni og Lilju, en þær hafa verið saman í 22 ár.

Hvernig bar fundum ykkar Margrétar Pálu saman? „Margrét Pála var að vinna í sama húsi og mamma og þar sá ég hana fyrst á kaffistofunni þegar ég var í þann mund að ljúka samræmdu prófunum. Svo þurfti ég bara að bíða eftir því að verða fullorðin til að eltast við hana, sem tók tíma en tókst að lokum. Mér fannst hún rosalega heillandi, án þess þó að gera mér grein fyrir því hvað það var nákvæmlega sem heillaði mig, því ég vissi ekki þá að ég væri lesbísk. Þegar mamma sagði mér svo að Margrét Pála væri lesbía fannst mér hún enn meira spennandi. Mörgum árum síðar, þegar ég var komin úr felum, hittumst við aftur. Þá var hún skilin við sambýliskonu sína og ég var orðin stór, svo þetta var allt mjög heppilegt. Í mínum augum er Margrét Pála alltaf mest og best af öllum. Hún er stoð mín og stytta í flestu sem ég geri og líka fyrirmynd mín, því ég dáist að því hvernig hún hagar sínu lífi.“

Mættuð þið fordómum vegna aldursmunarins? „Ég hugsa að Margrét Pála hafi aðallega fengið að heyra það, en svo er það líka þannig að þegar maður hefur farið yfir eitt tabú verður næsta tabú auðveldara viðfangs. Aldursmunurinn var lítið mál í samanburði við það að taka saman við manneskju af sama kyni. Það trúði því enginn að sambandið myndi endast, en það hefur gert það svo um munar. Í gegnum sögu og menningu samkynhneigðra para er svona aldursmunur reyndar mjög algengur og svo virðist sem slík sambönd endist lengst og gangi best.“

En þið búið ekki saman? „Nei, það eru nokkur ár síðan við hættum að búa saman en við erum mikið saman, ferðumst saman og eigum gæðatíma, en eyðum vinnuvikunni hvor í sinni íbúð. Það er mjög gott fyrirkomulag og að mörgu leyti auðveldara en að búa saman. Fyrir okkur, tvær miðaldra kellingar með engin börn, er í raun engin ástæða til að búa saman þar sem sambúðarformið er að miklu leyti búið til í kringum börn.“

Hafið þið thugað að eignast börn saman? „Þegar við höfðum forsendur og orku til þess að eignast börn var það hreinlega ekki í boði og við afskrifuðum það. Ef staðan hefði verið eins og hún er í dag hefðum við örugglega hlaðið niður nokkrum börnum því Margrét Pála er svo mikil barnakerling, en við erum svo heppnar að hún átti unglingsstúlku þegar við tókum saman og sú hefur verið ægilega dugleg við barneignir, á fjögur stykki sem við njótum góðs af.“

Margrét Pála er kröftug manneskja sem liggur ekki á skoðunum sínum og er þar afleiðandi umdeild. Tekur þú gagnrýni á hana og hennar störf, meðal annars í leikskólamálu, nærri þér? „Já. Það er svo fyndið að hún tekur allri gagnrýni af miklu æðruleysi og hefur jafnvel dálítið gaman af henni á meðan ég verð oft alveg brjáluð. Í upphafi Hjallastefnunnar var gagnrýnin oft mjög ljót, leiðinleg og ósanngjörn, en hún hefur minnkað eftir því sem fólk virðist skilja betur út á hvað þetta leikskólamódel gengur.“




→ Á einkamálasíðum eru auglýsingar frá infantílistum sem leita hver annan uppi og við höfum líka haft ávæning af því að þjónusta eins og sú sem mamma í leikritinu veitir sé rekin hér á landi.

KAUPMANNAHÖFN

AÐVENTUFERÐ FYRIR ELDRI BORGARA

Verð: 111.900 kr.* á mann í tvíbýli
(aukagjald fyrir einbýli: 13.000 kr.)



HOTELBOKANIR.IS

Vegna mikillar eftirspurnar efnir Icelandair til aukaaðventuferðar til Kaupmannahafnar dagana 1. - 4. desember n.k. Icelandair skipuleggur ferðina í samvinnu við Landssamband eldri borgara, Emil Guðmundsson og Hotelbokanir.is.

Þetta verða fjórir indælir dagar þar sem við skoðum okkur um í borginni og upplifum eitt og annað skemmtilegt undir fararstjórn Emils Guðmundssonar.

+ Nánari upplýsingar hjá hópadeild Icelandair:
50 50 406 | hopar@icelandair.is Númer hópsins er 1513.

ICELANDAIR 

* Innifalið: Flug með Icelandair ásamt flugvallarsköttum, gisting í tvíbýli á Hótel Absalon í 3 nætur með morgunverði, akstur til/frá flugvelli og á hótél ásamt öllum öðrum akstri, skoðunarferð um gamla bæinn með Þorvaldi Flemming, 1 aðgöngumiði í Tivoli, „julefrokost“ á Restaurant Grøften og sigling um sikin með Jazzbandi Michael Böving.

Undra- úthaldsgott bassadýr

Tómas R. Einarsson gaf nýverið út plötuna Bassanótt. Hann byrjaði seint að læra á kontra-bassa, segist vera ofvirkur lagahöfundur og sækir innblástur um víðan völl, meðal annars til dætra sinna, Þiðriksvallavatns á Ströndum og alla leið til Kúbu, en þangað hefur Tómas ferðast átta sinnum síðan um aldamótin þegar hann kom fyrst til höfuðstaðarins, Havana.

Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



Kontrabassaleikarinn Tómas R. Einarsson er glaður í bragði þegar hann tekur á móti blaðamanni. Hann er nýbúinn að gefa út plötuna Bassanótt þar sem sex manna latínhljóm-sveit spilar nýja tónlist eftir hann. Ég hef heyrt að hann sé listakokkur og eigi uppskriftir í matreiðslubókum. Kaffið er allavega gott hjá honum.

Með vítt áhugasvið

Hvernig kom þessi diskur til? Þessi músík er búin að gerjast lengi í mér. Eitt af því sem heillaði mig strax við latínóttolistina eru þau siendur-teknu rytmanystur sem píanóíð og gítarinn spila. Þau eru svo dillandi, það er svo mikill dans í þeim. Fyrir nokkrum árum náði ég mér í bækur með þessum rytmanysturum og hef æft þau töluvert á bassann þó það sé ekki hefð fyrir því í latín músík að hann spili þau. Þetta kom mér dýpra inn í latínuna og tónlistin á Bassanótt spratt út úr þessu. Svo var ég líka í danstímum hjá Salsamafiunni í fyrri og þar fékk ég þá hugmynd að prófa að spila chachacha-bít píanósins á bassann og það gerði sig fint!

Diskarnir þínir eru ólíkir innbyrðis, tónlistin spannar breitt svið. Það eru sönglög, kvikmyndatónlist eins og Laxness-diskurinn, Kúbu-tónlistin og svo Strengur sem er af enn öðrum toga. Ertu ofvirkur? Ég er kannski ofvirkur lagahöfundur en það bjargar mér að vera með vítt áhugasvið. Sumar plötur mínar eiga sér langan meðgöngutíma en annað kemur óvænt upp á. Halldór Þorgeirsson, höfundur Laxnessmyndarinnar, kastaði því fram í kaffibóði að það gæti verið gaman að hafa millistriðsáraveiflu í myndinni og hvort ég vildi skoða málið? Ég lagðist í þá dásamlegu músík sem tilheyrir þeim árum og samdi svo tónlistina. Ég var líka svo heppinn að meðspilari minn, Ómar Guðjónsson, gítarleikari var nýhættur að reykja og æfði sig á túbú þegar hann langaði í smök og tók eitt lagið á túbuna en hljómurinn í því hljóðfæri var sterkt einkenni á díslandmúsíkinni. En stundum kemur líka fyrir að maður hefur gengið með eitthvað í maganum lengi. Ég var búinn að heyra vatnsnið innra með mér lengi í bland við bassatóna en ekki búinn að finna því form. Svo var ég einu sinni á ferðalagi á Ströndum og fór upp að Þiðriksvallavatni þar sem amma mín fæddist. Það var í hauststillu og svanir á vatninu sem gutlaði við steina. Á þeirri stund fékk ég hugljómum og næsta árin fór ég á staði sem tengdust fólkinu sem ég er kominn af og tók þar upp vatnshljóð og samdi svo tónlist við þau. Lá svo jafnhliða í ættarsögum og skrifaði um mitt fólk í bæklinginn sem fylgdi disknum og vatns-vídeóinu á Streng.

Þú virðist fær í því að fá með þér gott fólk – vilja allir vinna með þér? Ragnheiður Gröndal, Ragga Gísla, Eyþór Gunnarsson, Ómar og Óskar Guðjónssynir, Matthías Hemstock, Davíð Þór, Samúel Jón, Sigtryggur Baldurs, svo einhverjir séu nefndir – fólk á öllum aldri, hvernig kemur það samstarf til? Heldur þú þér ungum með því að spila með ungvíðinu í bransanum? Tja, það hefur enginn neitað hingað til. Ég held mér minna gömlum með því að synda í Vesturbæjarlauginni. En ég hugsa aldrei um aldur minn né þeirra sem ég spila með. Þetta góða fólk og aðrir sem ég hef spilað og hljóðritað með mína músík í gegnum árin hafa einhvern hljóm og hugsun í sínu hljóðfæri sem hefur heillað mig og þannig hefur samstarfið komið til. Það er mjög gott að vera með sér yngra fólk, það dempar þá íhaldssemi sem oft kemur með aldri og það brakar meira í heilasellunum.

Djassinn er dýrt sport

Þú fórst seint að læra á bassa, búinn með háskólapróf og farinn að kenna þegar þú skelltir þér til útlanda til náms í hljóðfæraleik – það er óvanlegt að menn nái svo langt sem byrja svo seint – ertu undrabarn? Ef ég er eitthvað undra, þá er það kannski undraúthaldsgóður. Ég keypti minn fyrsta kontrabassa 26 ára, á þeim aldri þegar margir kollegar mínir í djassögunni voru löngu orðnir heimsfrægir og komnir langleiðina með að drekka sig í hundana. Ég ætlaði ekkert frekar að verða músíkant en ég lenti í spileríi með fólk sem var búin að vera að spila miklu lengur en ég; Diabolus in Musica, Nýja Kompaníið, Mezzofortestráknarnir, Guðmundur Ingólfs og þetta rak mig áfram við æfingar og meiri æfingar og hlustun. Og svo var þetta bara svo gaman að maður lét sig hafa lítið og óstöðugt kaup. Allir hafa hæfileika, spurningin er hvað menn endast við að þroska þá.

En hefur þú ekki líka stundað þýðingar og skriftir og kennslu? Það er dýrt sport að vera djassspilari og enn þá dýrara sport að semja músík líka. Lengi vel fjármagnaði ég plötur mínar með þýðingum, ég hef þýtt tíu bækur. Svo hef ég stundum verið með útvarpsþætti og kennt aðeins í Tónlistarskóla FÍH, ég kenni þar djass sögu núna. En ég hef komist upp með það í þrjátíu ár að vera djassmúsíkant að aðalstarfi.

Nú hefur Kúba, og tónlistin þaðan, haft mikil áhrif á þig og tónlistina – hvað er málið með þig og Kúbu? Þegar ég var táníngur las ég mikið um byltinguna á Kúbu og fann þar mikinn hetjuskap. Þegar nánar var að gáð fór allur glans af hetjunum en sem betur fer fann ég aðrar í staðinn, allan músíkantaherinn á Kúbu. Þeir hafa sannarlega þurft að berjast líka, aðallega þó fyrir því að hafa í sig og á. Í framhjáhlaupi hafa þeir svo lagt fram ótrúlegan skerf til heimstónlistarinnar. Ég datt ofan í þessa músík og fór svo til Havana árið 2000. Síðan hef ég farið sjö sinnum. Hvar samhljómurinn liggur veit ég ekki, kannski var ég farinn



KEYPTI FYRSTA KONTRABASSANN 26 ÁRA Tómas fór seint að læra á bassa, þegar margir kollegar hans voru orðnir heimsfrægir og komnir langleiðina með að drekka sig í hundana.

“Ég sagði stundum við hana að hún myndi fá það hlutverk að skreyta plötur mínar. En þótt hún geri ekki fleiri teikningar í þessum heimi hafa myndir eftir hana prýtt forsíðuna á Streng og svo núna á Bassanótt.



að upplifa þann djass sem var efst á baugi sem of lítið líkamlegan. Djassinn fyrir mér er mitt á milli þess líkamlega og þess andlega. Þess vegna miða ég djassinn við naflann, fönk og latín músík eru niður á kviði og klassíkin nær frá bringu og upp í haus. Margt í djassinum fannst mér vera komið upp undir geirvörtur og ég leitaði því í hina áttina.

Dæturnar veita innblástur

Forsíðan á nýja disknum, Bassanótt, er teikning eftir Ástríði dóttur þína. Engum sem til þekkti duldist að hún var listræn í sér og kennari hennar í myndlist sagði hana sérlega hæfileikaríka. Hvað var hún gömul þegar hún gerði þessa dásamlegu mynd, þar sem þú dansar við bassann? Ástríður var á unglingsárum þegar hún gaf mér þessa mynd í afmælisgjöf. Hún teiknaði mikið frá unga aldri og var búin með Myndlistarskólann þegar hún lést af slysförum fyrir þremur árum. Hún

PLÖTUUMSLAGIÐ MYNDSKREYTT AF DÓTTURINNI

Forsíða plötunnar er verk eftir Ástríði, dóttur Tómasar. Hún var í myndlistarnámi þegar hún lést af slysförum fyrir þremur árum.

á alls konar tónlist frá barnæsku og spila á gítar og harmóníku áður en þau ákváðu að senda mér kontra-bassann í fangið. Og mér var líka ætlað að lenda í latínóttolistinni og Kúbuferðum, þess vegna leiddu örlögin mig til Barcelona í spænskunám rúmlega tvítugan.

Eru ekki útgáfutónleikar væntanlegir? Að sjálfsögðu! Þeir verða í Iðnó á miðvikudaginn og þar stíga á svið með mér Ómar Guðjónsson á gítar, Sigtryggur Baldursson á kongatrommur, Eyþór Gunnarsson á píanó, Matthías Hemstock á trommur og Samúel Jón Samúelsson og Kári Hólmur Ragnarsson á básúnur. Svo verður sérstakur gestur, Arna Margrét Jónsdóttir söngkona. Það var svo gaman að spila með henni lagið Hjarta mitt í Hljómskálanum í haust að við ætlum að endurtaka leikinn. Þetta verður fjölbreytt latínustuð með angurværum bóleróum og guajirum inn á milli og byrjar hálfnú á miðvikudag í Iðnó.

TAX FREE

Opið laugardag og sunnudag 12.00 – 16.00

Seljum síðustu hjólhýsin af 2013 árgerð á **TAX FREE** tilboði um helgina.

Nú gefst tækifæri á að kaupa nýtt hjólhýsi með 20% afslætti – þetta er tilboð sem þú sérð ekki aftur! Aðeins í boði þessa helgi. Aðeins bein sala – engin uppátaka í boði.

Einnig verður **TAX FREE** tilboð á Outwell tjöldum og allri smávöru í verslun okkar þessa helgi.

Seljum einnig vel með farna leiguvagna á frábæru tilboði.

Einstakt tækifæri, bara þessi helgi!




Knaus Sudwind Exclusive 580 EU
Verð 5.250.000 kr. – **TAX FREE 4.200.000 kr.**



Dethleffs Camper 470 FR
Verð 4.798.000 kr. – **TAX FREE 3.838.000 kr.**



Dethleffs Nomad 560 RET
Verð 6.298.000 kr. – **TAX FREE 5.038.000 kr.**



Fleiri vagnar í boði, komið og sjáið úrvalið!

Útilegumaðurinn - Þar sem grasið er grænna

ROCKWOOD

Dethleffs

KNAUS

WEINSBERG
simply you

75% lán



Korputorg | 112 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is

Auðvitað greiðum við VSK til Ríkisins en við gefum 20,32% afslátt af tilboðsvörum.



**Útilegu
maðurinn®**

HELGAR

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT



PHILIPS 40" 3D LED SNJALLSJÓNVARP

Philips 40PFL4508T

- 40" 3D Smart LED sjónvarp
- Full HD 1920x 1080 upplausn,
- Pixel Plus HD myndvinnsla
- 200 Hz Perfect Motion Rate
- Micro Dimming
- 3D Max
- 2D-3D conversion
- 20 W RMS Incredible Surround
- SimplyShare

- Smart TV - nettenging með opnum netvafra
- Wi-Fi þráðlaus móttakari
- Ljóssemi sem tekur mið af birtu
- Stafrænn DVB-C, DVB-T móttakari
- 2x USB, 3x HDM
- Ethernet, Digital Coaxial út, VGA & CI rauf
- Skype möguleiki og EasyLink
- MyRemote App fyrir iPhone/Android síma
- Orkuflokkur A+



TILBOÐ

149.995

FULLT VERÐ 209.995



Philips 50PFL3008T


- 50" LED TV
- Full HD 1920 x 1080p upplausn
- Digital Crystal Clear myndvinnsla
- 100 Hz Perfect Motion Rate
- 16 W RMS Clear Sound hjóðkerfi
- Ljóssemi sem tekur mið af birtu í herbergi
- Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari
- USB, 2x HDMI tengi, Component o.fl.
- Coax út, VGA & CI rauf
- Orkuflokkur A

TILBOÐ

169.995

FULLT VERÐ 219.995

**NÝTT • NÝJIR LITIR
Í MONSTER DNA LÍNUNNI**



DNA

MONSTER

**HANDPEYNTARAR
20% AFSLÁTTUR**



**ELDHÚSVOGIR
20% AFSLÁTTUR**



**HRÆRIVÉLAR
20% AFSLÁTTUR**



KENWOOD

ER BAKSTUR Í UNDIRBÚNINGI?

ROPNUM

LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17



PHILIPS 50" 3D LED SNJALLSJÓNVARP

Philips 50pfl5008

- Örpunnt 50" LED háskerpu sjónvarp með Incredible Contrast
- Pixel Plus HD örgjörvi tryggir hágæða Philips myndgæði
- 300 Hz Perfect Motion Rate gerir hröðustu myndir skarpar og skýrar
- Glæsileg hönnun með örpunnum ramma
- Snjallsjónvarp með bráðlausu neti sem opnar heim afþreyingar á netinu
- Ambilight baklýsing gefur aukna upplifun
- Simply Share - einfalt að skoða efni af tölvum og senda efni yfir á spjaldtölvur og síma
- MyRemote - hægt að nota spjaldtölvur og síma til að fjarstýra tækinu
- Easy 3D svo hægt er að horfa á efni í þrívídd - 2 gleraugu fylgja



TILBOÐ
269.995
FULLT VERÐ 299.995



BLUETOOTH – NÚ ER LEIKUR EINN AÐ SPILA ALLA TÓNLIST ÚR SÍMA EÐA SPJALDTÖLVU Í GRÆJUNUM!

**ÚTVÖRÞ MED BLUETOOTH
HÁTALARAR MED BLUETOOTH
HLJÓMTÆKI MED BLUETOOTH
HEIMABÍÓ MED BLUETOOTH**



Bluetooth



**15% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM TÆKJUM
MED BLUETOOTH
NÚNA UM HELGINA**

**LASER / IPL HÁREYÐINGARTÆKI
20% AFSLÁTTUR**



PHILIPS



TÖLVULISTINN

Heimilistæki



Heimilistæki

ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

tl.is

TÖLVU LISTINN

HELGARTILBOÐ

Tilboðin gilda um helgina á meðan birgðir endast



TOSHIBA

SKJÁTÖLVA FYRIR HEIMILIÐ!

Skjátölvur njóta vaxandi vinsælda hjá okkur. Þær eru með stórum og góðum skjá og taka lítið pláss á borði. Fátt er skemmtilegra fyrir börn en að spila tölvuleiki á stórum snertiskjá án þess að þurfa að nota músina. Þessi kemur með mjög skörpum 23" Full HD skjá, kraftmiklum Intel i5 örgjörva og 2GB GeForce GT630M skjákorti sem skilar öflugri grafikvinnslu. Hraðvirkt 6GB vinnsluminni og stór 1TB diskur. Verðlækkunin gildir aðeins um helgina eða meðan birgðir endast.

TOS-LX83012N

159.990

FULLT VERÐ 199.990

27" SKJÁR Á 36.990!



AOC

Frábær 27" skjár í takmörkuðu magni á þessu verði. Mjög stór og góður alhliða skjár.

36.990

AOC-E2752VA

FULLT VERÐ 44.990

180GB INTEL SSD Á 19.990!



intel

Ruglverð. Uppfærðu fartölvuna eða borðtölvuna í SSD. Ótrúlegur hraðamunur.

19.990

INT-SSD5C2CT180A4K5

FULLT VERÐ 31.990

RAFMAGNAÐ NETSAMBAND

PAKKA
TILBOÐ



ZyXEL

ZyXel HomePlug AV gerir þér kleyft að keyra innanhúsnæti í gegnum rafmagnsleiðslur hússins. Forgangsraðar netumferð. 500Mbps útgáfan.

6.990

ZYX-PLA4201TWINPACK

FULLT VERÐ 12.990

EIN VANDAÐASTA FYRIR BÖRNIN!

ASUS

ASU-ME172V1B077A Einstakt verð fyrir 7" hágæða spjaldtölvu með 10 punkta snertiskjá og nýjasta Android 4.1 Jelly Bean. 1024x600 upplausn og allt að 7 tíma rafhlöðuending. Aðeins 358 grömm.



29.990

ASU-ME172V1B077A

FULLT VERÐ 39.990

A3 FJÖLNOTAPRENTARI

-10.000



EPSON

Lægsta verð sem við höfum náð á A3 prentara sem prentar, skannar og ljósritar. Hagkvæmur í rekstri með 500 bls. blaðabökkum.

29.990

Epson WF-7015

FULLT VERÐ 39.990

LEIKJAHEYRNARTÓL

-5.000



steelseries

Hönnuð fyrir tölvuleiki. Útdraganlegur hljóðnemi. Frábær hljómgæði.

14.990

STE-5HV2A

FULLT VERÐ 19.990

TÖLVU LISTINN

Heimilistæki

0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

6 VERSLANIR UM ALLT LAND

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAG 11 - 16
SUNNUDAG 13 - 17

Apple iPad Air

FRUMSÝNING
UM HELGINA

Var að lenda í takmörkuðu magni.
20% þynnri og vegur aðeins 469 grömm.
9,7" Retina skjár með yfir 3,1 milljón pixla.
Nýji A7 örgjörvinn. Ofurhratt þráðlaust
net. Komdu og skoðuðu um helgina á
Suðurlandsbraut. **Verð frá 88.990.**



3D SJÓNVARPSFLAKKARI



-8.000

A.C. Ryan

Sá flottasti í AC Ryan línunni. Getur spilað efni í Full HD og þrívídd. Er einnig með LAN tengi og því hægt að nota eins og NAS flakkara. Tekur allt að 3ja TB diska.

29.990

ACR-PV73901

FULLT VERÐ 37.990

MEKANÍSKT LEIKJALYKLABORÐ



RAZER

Fullkomið fyrir Battlefield með endalausum stillanlegum prófilum og forritanlegum tökkum.

14.990

RAZ-BLACKWIDOW2013

FULLT VERÐ 19.990

OFURSKJÁKORT – GTX 770



-25.000

msi

Eitt það allra besta frá NVIDIA. Uppfærðu kortið og upplifðu leikinn í bestu gæðum fyrir Battlefield og aðra kröfuharða leiki.

64.990

MSI-N770TF2GD50C

FULLT VERÐ 89.990

COOLTAB MED SÍLIKONHLÍF



-33%

Lenco
AUDIO-VIDEO

Hönnuð fyrir börn. Silikonkantur allan hringinn sem minnkar hættu á hnjaski. Kemur með bláum eða bleikum kanti.

19.990

LEN-COOLTAB80BL

FULLT VERÐ 29.990

3TB NETFLAKKARI



-7.000

Seagate

Öflugur NAS flakkari sem tengist á heimanetið. Einfalt að taka öryggisafrit af mörgum tölvum og setja upp miðlægan DLNA margmiðlunargrunn fyrir ljósmyndir, kvikmyndir og tónlist. App fyrir afspilun úr snjallsímum og spjaldtölvum.

29.990

SEA-STCG3000200

FULLT VERÐ 36.990

12,5" SPJALDTÖLVA MED LYKLABORÐI



-50.000

TOSHIBA

Öflug spjaldtölva með virkni fartölvu. Hallandi skjár og lykklaborð en þegar skjánur er rennt niður breytist hún í spjaldtölvu. Intel i5 örgjörvi, SSD og frábær snertiskjár með Gorilla Glass. Windows 8.

149.990

TOS-U920T10H

FULLT VERÐ 199.990

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFLOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



FJÖLSKYLDAN Á GRÆNLANDI Óli Kaldal Jakobsson, Sóley Kaldal og Jakob Jakobsson á göngusleða í Sisimiut

MYND/JAKOB JAKOBSSON @MONSIEURGRUNVALSKY



SKINNÍÐ STREKKT Óli litli stendur hér heima í stofu fyrir framan skinnið af hreindýrinu sem pabbi hans veiddi. MYND/JAKOB JAKOBSSON @MONSIEURGRUNVALSKY

Grænlandingar eru ekki búnir að uppgötva hvað þeir eru töff

Hjónin Sóley Kaldal og **Jakob Jakobsson** ákváðu í apríl að rífa sig upp með rötum frá heimili sínu í Kaupmannahöfn og flytja til Sisimiut á Grænlandi. Þar halda þau heimili ásamt syni sínum Óla og Sóley kennir grænlandskum framhaldsskólunum stærðfræði og Jakob vinnur heiman frá við arkitektúr og sinnir heimilinu.

Fanney Birna
Jónsdóttir
fanney@365.is



Það er ekki beint hefðbundið lífið sem hjónin Sóley Kaldal og Jakob Jakobsson lýsa fyrir blaðamanni í gegnum lélegt símasamband við Sisimiut á Grænlandi. Sóley og Jakob hafa búið þar síðan í ágúst og eru að ná taktinum í grænlandskum lífnáðarháttum og menningu.

Sóley, sem er doktorsnemi og áhættu- og öryggisverkfræðingur, kennir framhaldsskólunum í bænum stærðfræði en Jakob, sem er arkitekt, vinnur heima í verkefnum frá Íslandi. Hann er líka heimavinnandi húsaðir og sér um að koma syni þeirra til og frá skóla og sinna heimlinu meðan Sóley er við vinnu.

Langir vinnudagar

Þau segja það hafa verið tilviljunum háð að þau ákváðu að flytja til Grænlands. Sóley: „Ég var að leita mér að aukavinnu í Danmörku með náminu og kom auga á auglýsingu frá skólanum á Grænlandi.“ Hún segir að þar sem hún hafi verið að vinna talsvert með norðurheimskautið muni það nýtast henni síðar meir að hafa búið á Grænlandi og því ákváðu þau að slá til – enda spennandi ævintýr.

Dagarnir hjá Sóleyju eru langir, hún kennir allt að 60 tíma á viku. Sóley: „Kennararnir eru fáir, þar sem er ekki er hlaupið að því að fá framhaldsskólakennara því það eru gerðar miklar menntunarkröfur. Þannig er enginn afleysingamaður sem hægt er að hringja í ef einhver veikist.“ Hún segist hafa mikla unun af því að kenna nemendum sínum. Flestir nemendanna eru grænlandskir en kennslan fer

fram á dönsku, sem þá er í flestum tilvikum annað tungumál þeirra, sem getur reynt á.

Dagarnir hjá Jakobi eru alla jafna rólegri þar sem hann vinnur heima í sínum verkefnum fyrir hádegi en eftir hádegi sækir hann Óla son þeirra í leikskólann og sinnir heimilinu. Þau segja Óla taka breytingunum vel, hann hafi áður skipt um leikskóla milli Danmerkur og Íslands og er orðinn vanur svona róttækum breytingum. Sóley og Jakob segja gaman að fylgjast með þroska og vexti sonarins í þessum aðstæðum. Jakob: „Á Grænlandi er hann innflytjandi, hann er öðruvísi einstaklingur sem þarf að laga sig að framandi samfélagi. Þá er hann að læra nýtt tungumál, sem er einstaklega fallegt.“ Óli litli er heillaður af því návígi sem er við dýrin á Grænlandi, en þar eru sleðahundar á hverju horni ásamt

öðrum dýrum. Sóley: „Hann vill eingöngu horfa á dýralífsmyndir núna og leikur sér með horn og bein sem leikföng.“

Hógvært og venjulegt fólk

Sóley og Jakob bera grænlandskum samfélaginu einkar vel söguna. Sóley: „Grænlandingar eru hógværir og bara ósköp venjulegt fólk eins og aðrir. Það kom okkur samt á óvart hversu dýrt er að lifa á Grænlandi en til að mynda er leiguverð sambærilegt við Kaupmannahöfn. Jakob: „Við hlökkum líka mikið til að komast úr neysluyggjunni sem einkennir bæði íslenskt og danskt samfélag en komumst fljótt að því að slíkt er ekki síður til staðar á Grænlandi. Grænlandskir unglingar eiga iPhone-síma og ganga um í dýrum innfluttum fatnaði, ekki síður en aðrir unglingar á Norðurlöndum.“ Jakob hefur verið þeirrar gæfu

„Við erum hvorki með sjónvarp né internet-nettengingu og oft og tíðum er símasambandið lélegt. Svo höfum við varla séð neina auglýsingu af nokkru tagi neins staðar síðan við komum, maður uppgötvar það eftir á hvað það er mikið áreiti.“



Á BRÚNINI Grænlandskur ofurhugi leikur listir sínar á BMX hjóli

MYND/JAKOB JAKOBSSON @MONSIEURGRUNVALSKY



ILLA VIÐ DANI Það reyndist auðvelt fyrir Jakob að komast í fótboltið bæjarins þegar í ljós kom að hann er Íslendingur.

MYND/JAKOB JAKOBSSON @MONSIEURGRUNVALSKY



ÚT UM GLUGGANN Heimavinnandi húsfaðirinn virðir fyrir sér stórfenglegt útsýnið út um eldhúsgluggann.

MYND/SÓLEY KALDAL



FJALLAFEGURD Mæðginin Óli og Sóley í stórfenglegu umhverfi í heimabænum Sisimiut í Grænlandi

MYND/JAKOB JAKOBSSON @MONSIEURGRUNVALSKY



HAMFLETT Á HEIÐINI Jakob fór á hreindýraveiðar og þurfti að verka dýrin áður en haldið var til byggða.

MYND/JAKOB JAKOBSSON @MONSIEURGRUNVALSKY

aðnjótandi að komast á bæði sjó- og skotveiðar með nágranna sínum, sem hann hafði aldrei gert áður. Jakob: „Veiðiumhverfið á Grænlandi er allt öðruvísi en á Íslandi. Á Grænlandi elst fólkið upp við mikla virðingu fyrir náttúrunni og veiði. Menn veiða aðeins sér til matar, aldrei sem eitthvert sport og allt sem umfram er veitt fer annaðhvort á markað eða til annarra sem þurfa á bráðinni að halda.“ Jakob segir að hann hafi fyrst fengið hina einu sönnu Grænlandsupplifun til fjalla við veiðarnar. Það hafi verið engu líkt, enda manna-byggðir í órafjarlægð og fegurðin ólýsanleg. Þau hjónin segja skemmtilegt að upplifa þessa framandi veiðimenningu. Sóley: „Við höfum til að mynda borðað hreindýr í öll mál undanfarið, eftir að Jakob kom af hreindýraveiðum, sem annars var aðeins á boðstólum yfir hátíðarnar. Það er sérstakt að borða hreindýra-las-anja á mánudegi.“ Þá er Óli farinn að leika sér mikið í veiðimanna-leikjum og fylgist vel með verkun allra þeirra dýra sem komið er með á heimilið.

Lærir hundasleðsmíði

Jakob hefur einnig tekið þátt í knattspyrnu með bæjarliðinu. Jakob: „Það kom á óvart hversu vel mér var tekið, þó ég hafi fljótt þurft að koma því að ég er ekki Dani, en Grænendingar kunna betur við Íslendinga en Dani,“ sem þau útskýra með stíru sambandi Grænlands og Danmerkur. Jakob stefnir einnig á heilmikla þolraun næstu páska, þar sem hann mun taka þátt í hinni þriggja daga, 160 kílómetra löngu skíðagöngukeppni Arctic Circle Race. Jakob er virkilega spenntur enda er um að ræða stóran viðburð og stolt bæjarins.

Þau hafa nýlega skráð sig á nokkur námskeið, Sóley er að læra grænlenzkan skinnsaum og notar skinnin af dýrunum sem Jakob veiðir til að gera flíkur á fjölskylduna. Jakob er að læra hundasleðsmíði og hyggst smíða göngusleða sem fjölskyldan getur notað í ferðir milli staða yfir háveturinn.

Þau hjónin segja það mikinn lærdóm að komast úr því eilífa áreiti sem einkenni líf þeirra kynslóðar. Jakob: Við erum hvorki með sjónvarp né internet-tengingu og oft og tíðum er símasambandið lélegt. Svo höfum við varla séð neina auglýsingu af nokkru tagi neins staðar síðan við komum, maður uppgötvar það eftir á hvað það er mikið áreiti.“ Lífið gangi hægar á Grænlandi og þau njóta þess í botn að lesa bækur, upplifa Grænland og vera saman.

Stórkostlegt land

Sóleyju og Jakobi finnst stórkostlegt hversu lítið Íslendingar vita almennt um Grænland. Sóley: „Sér í lagi í ljósi nálægðar landanna tveggja. Landið er stórkostlegt og við erum alveg gripin af öllu sem það hefur upp á að bjóða, en áður en við fluttum vissum við lítið sem ekkert um land og þjóð. Grænendingar eru svo hógværir, þeir eru ekki enn þá búnir að uppgötva hvað það er töff að vera Grænendingur,“ og líkir því við Íslendinga fyrir nokkrum árum. Jakob: „Þessi litla þjóð er einstök og vonandi uppgötvar hún það fyrr en síðar.“

BÚÐU TIL ÞÍNAR EIGIN JÓLASKREYTINGAR



MIKIÐ ÚRVAL
AF FÖNDUR-
PAKKNINGUM



Jólafondursett „Partý jól“ úr vattkúlum.
Hæð 3,5–13,5 sm. Efni í 5 manna fjölskyldu.

Verð áður 4.495,- **3.225,-**



Jólafondursett barna „Jólafigúrur“
Efni í 1 stk. Hentar frá 5 ára aldri. Jólaveinn,
piparkökukarl, jólatré eða hreindýr.
Hæð 15 til 20 sm

1.295,-

BÚÐU TIL
PERSÓNULEG
KERTI



Kertalím fyrir pappír.
150 ml.
Inniheldur eldtefjandi efni.



Jólafondursett „Litlir jólasveinar“
Hæð 6 sm. Efni í 12 stk.

2.695,-



Jólasería „Glær jarðaber“
10 ljósa LED sería,
notar 2 x AA rafhlöður.

999,-



Jólasería „Glært hjarta“
10 ljósa LED sería,
notar 2 x AA rafhlöður.

999,-



Jólasería „Glær stjarna“
10 ljósa LED sería,
notar 2 x AA rafhlöður.

999,-

www.a4.is / sími 580 0000

A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi

Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is

A4

Par sem mjá er aðalmálið

Í Kattholti við Stangarhyl í Reykjavík er mjálmað í hverju horni. Par er athvarf fyrir kisulórur sem hafa lent á vergangi en líka hótél sem ábyrgir katta-eigendur koma sínum kisum á, meðan þeir skreppa í frí. **Halldóra Ragnarsdóttir** stjórnar þessu ríki.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



alla ketti. Við erum með skanna sem les slík merki og í framhaldinu höfum við samband við eigendurna. Eins ef dýrin eru með ól og merkispjald,

annars geta þau dagað hér uppi. Fólk þarf líka að vera duglegt við að hafa samband og spyrja eftir þeim og nálgast þá.

Eigendum er gefinn minnst sjö daga frestur til að sækja sína ketti, eftir það hefur Kattholt fullan rétt á að gera hvað sem er við þá. „Þá byrjum við á að reyna að finna ný heimili,“ segir Halldóra. „Kettlingar eru alltaf vinsælli en fullorönu kettirnir sem þurfa oft að bíða. Ef við finnum að einhver er sérlega góður karakter þá reynum við að gefast ekki upp. Það grípur um sig mikill fögnuður hjá okkur starfsfólkinu þegar einhver kisa sem búin er að dvelja hér lengi fær gott heimili. Hún á það svo skilið, því það er búið að leggja svo mikið á hana.“

Lyndir misjafnlega

Í Kattholti eru nokkrar misstórar vistarverur og þar er mjálmað í mörgum tóntegundum. Við göngum gegnum herbergi sem fáar kisu eru í, hver í sínu horni. Halldóra kallar það gjör-gæsluna. „Þetta er fyrir þær kisu sem eiga erfitt með að vera innan um aðrar,“ útskýrir hún. Segir þó jafnan reynt að finna út hverjum lyndi saman og raða í plássin eftir því.

Við höldum áfram inn í næsta herbergi sem er hótelið. Þar dvelja nokkrar hefðarkisu. Athygli vekur ein grábröndótt, gullfalle. Búrin eru rúmgóð og með kojum. Halldóra segir þau hafa verið keypt á þessu ári, á dagskránni sé að fjölga slíkum búrum og setja upp í óskilaryminu.

Dálitlar sveiflur eru í starfsemi hótelsins að sögn Halldóru. „Það er náttúrulega mest að gera á sumrin,



MEÐ EINN AF SKJÓLSTÆÐINGUNUM „Það grípur um sig mikill fögnuður hjá okkur starfsfólkinu þegar einhver kisa sem búin er að dvelja hér lengi fær gott heimili. Hún á það svo skilið, því það er búið að leggja svo mikið á hana,“ segir Halldóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það grípur um sig mikill fögnuður hjá okkur starfsfólkinu þegar einhver kisa sem búin er að dvelja hér lengi fær gott heimili. Hún á það svo skilið, því það er búið að leggja svo mikið á hana.“

svona fram yfir verslunarmannahelgi, þegar fólk er í sumarfrí. Líka stundum um jól og áramót. Hér hafa verið um 50 kettir þegar mest er og við höfum þurft að vísa frá ef ekki hefur verið pantað með fyrirvara.“ Hún segir hótelið hjálpa til að halda rekstrinum gangandi því fólk borgi að sjálfsögðu fyrir umhirdu kattanna sinna. Félagsmenn Kattavinafélagsins eru líka burðarstöðir í rekstrinum.“

Loppur verða ískaldar

Meðal þess sem Kattholti er gefið er matur handa gestum hússins. „Eitt af því sem bjargar okkur er að innflytjendur dýrafóðurs hafa verið okkur hollir í huga og svo almenningur, við höfum sett á Facebook að okkur vanti blautmat og þá kemur fólk og færir okkur hann. Stundum er líka fiskur, túnfiskur og rækjur á matseðlinum, þökk sé vildarvinum okkar, allt er þetta ómetanlegt.“

Vildarvinir Kattholts styðja við

starfsemina með ýmsum hætti eins og Halldóra lýsir. „Það kom læða hingað sem hafði gotið kettlingum í vaskahúsi niðri í bæ. Hún gat ekki verið með þá hér og við fengum konu úti í bæ til að taka hana til sín svo hún kæmi þeim á legg. Við erum með nokkra svoleiðis einstaklinga sem eru tilbúnir að taka af okkur kisu tímabundið.“

Fimm til sex manns vinna að staðaldri í Kattholti og þegar við komum í álmu óskiladýranna eru þar starfstúlkur að ljúka morgunþrifum. Síðdegis er svo von á sjálfbodaliðum til að gæla við kisurnar. Þarna er því heilmikil starfsemi sem er opin alla daga ársins enda þarf alltaf að fódra dvalargestina, skipta um vatn, þrifa og sinna öðrum þörfum þeirra.

Eitt er víst. Heimilislausar kisu á höfuðborgarsvæðinu eru heppnar að komast í Kattholt, ekki síst þegar vetur sest að völdum og litlar loppur verða ískaldar. Þar geta þær samt ekki verið til frambúðar.

Merkingar leysa vandann

Hvað á fólk að gera til að forðast að kettirnir þeirra lendi í hrakningum?

„Það þarf að gelda karldýrin, taka læðurnar úr sambandi og örmerkja



KRÚTT Kettlingarnir stilltu sér upp eins og alvanar fyrirsætur.

Líf útikatta er ekkert grín

Ég er gott dæmi um nokkurra ára ógeltan fress. Ég var einu sinni lífill, hamingjusamur kettlingur á heimili. Þegar ég varð kynþroska, fimm til sex mánaða, þá byrjaði ég að flakka. Ég fór alltaf lengra og lengra frá heimili mínu. Ég hitti önnur ógelt fress á ferðum mínum og lenti í mörgum bardögum. Eyrun á mér eru rífin, ég er með sár um allan líkamann og fæ oft sýkingar í þau. Ég er alveg hættur að fara heim til mín. Ég ræðst á kettina í nágrenninu, fer stundum inn til þeirra og spræni til að merkja mér svæðið. Ég vil ekkert vera svona, ég var bara aldrei geltur. Ég vildi óska þess að eigendur mínir hefðu gelt mig þegar ég var ungur, þá myndi ég lifa áhyggjulausu og rólegu lífi í dag.



BITVÖRN

LÁTTU EKKI FROSTIÐ BÍTA ÞIG



GÆÐA ÚLPUR Á STÓRA SEM SMÁA
DIDRIKSONS1913
Grundsund SWEDEN

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

Súrrealískar pönnukökur með rabarbara á Bessastöðum

Aðeins hálfu ári eftir að ein mesta átakastjórn lýðveldissögunnar yfirgefur stjórnarráðið rúin trausti þjóðarinnar skrifar **Össur Skarphéðinsson** pólitískan þriller upp úr dagbókum sínum. Greinir frá átökum forseta og ráðherra í Ríkisráði.

Heimir Már Pétursson
hmp@stud2.is



Á r drekans“ eftir Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanáðherra, sem kemur út í næsta mánuði er ekki hefðbundin pólitísk endurminningabók eins og stjórnálmenn gefa oft út eftir að þeir hafa yfirgefið hið pólitíska svið. Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna var mynduð vorið 2009 eftir efnahagshrun þar sem allt sem brugðist gat brást og þjóðargjaldþrot var raunveruleg hætta sem blasti við. Þannig var ríkisstjórnin til í andrúmslofti reiði og gífurlegra átaka og segja má að í bók Össurar sé almennungi hleypt inn í innsta hring nýliðinna atburða í stjórnálmálagunni eins og flugu á öxl ráðherrans. „Þetta eru pólitísk bersöglímál og ég nota þetta ár, 2012, til að segja bæði mína persónulegu sögu en líka til þess að gefa þeim sem eru að þæla í pólitík hráefni til að greina stöðuna eins og hún er í dag. Því ég tel að þarna hafi orðið til og spunnist fram þeir þræðir sem nota má til að skilja stöðuna í dag,“ segir Össur. Hann hafi valið árið 2012 til að veita „blóðhráa innsýn í líf stjórnálmálmanns sem er í fremstu röð í átakaríkisstjórn“, bætir hann við.

Hann segist lýsa með óvægnum hætti átökum við aðrar þjóðir, átökum milli hugmynda, átökum milli hreyfinga og einstaklinga, en hann gangi líka ansi nærri sjálfum sér. „Þegar ég les þessa bók eftir að hafa skrifað hana sé ég að lífsgleði mín kemur þarna fram og ég vona að hún sýni að ég virði andstöðingina mína, þeir njóta sannmælis og mér þykir vænt um suma. En það breytir ekki hinu að veruleikinn er stundum nakinn og kaldur og það kemur fram í þessari bók.“

Pólitískt líf á bláþræði

Á einu ári drífur auðvitað margt á daga utanríkisráðherra sem berst á köflum eins og Don Kíkóti við vindmyllur í tilraunum sínum til að ljúka viðræðum við Evrópusambandið. Það er af mörgu að taka í utanríkismálum eins og málsvörn þjóðarinnar í Cesave-málinu en það skelfur líka flest í pólitíska landslaginu innanlands. Ekki bara milli stjórnar og stjórnarandstöðu, heldur milli stjórnarflokkanna í sumum málum og innan þeirra.

Þannig lá við að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tapaði ráðherrakaplinum þegar hún skipti Árna Páli Árnasyni út úr ríkisstjórn. Uppreisn var gerð í flokksstjórn Samfylkingarinnar og pólitískt líf forsætisráðherrans hékk á bláþræði, eins og Össur lýsir í bókinni. Hann hefur lengi haft þann sið að skrifa seint á kvöldin það sem á fjörur hans rak þann daginn, stundum eina til tvær setningar, stundum heilu blaðsíðurnar. Oft notar hann tímann á ferðalögum til að færa atburði dagsins til bókar, í flugvélum og á hótélherbergjum.

Að loknum áðsfunði á nýársdag 2012 skrifar Össur um fund sinn með Ólafi Ragnari Grímssyni eftir að aðrir ráðherrar eru farnir heim: „Tveir gamlir ritstjórnar þjóðviljans sátu þá á spjalli í þrjá stundarfjórðunga eftir að ríkisstjórnin hafði kvatt. Ég fór yfir sögulegan fund á Nordica kvöldið áður þar sem sveitir Árna Páls, fráfarandi efnahagsráðherra, höfðu gert óvænta uppreisn í flokksstjórn Samfylk-



→ Dagbókarfærsla úr bókinni Ár drekans

31. janúar 2012 Ríkisráðsfundur á Bessastöðum, forsetinn er ósáttur við stjórnarskráfrumvarp ríkisstjórnarinnar:

„Þetta er niðursallandi hirting. Ríkisstjórnin er bókstaflega flengd. Tölunni lýkur forsetinn með því að segja að í frumvarpinu felist m.a. að afnema ríkisráðið, sem hann teldi „mjög vitlaust“. Því gæti svo farið að þetta yrði síðasti ríkisráðsfundurinn sem nokkru sinni yrði haldinn. Hann gæti því farið inn í sögubækurnar af þeim sökum. Í kjölfarið leggur Ólafur Ragnar svo fram bókun og í stöðunni varpa menn öndinni léttar. Miðað við ræðuna er hún sakleysisleg. Þar varar hann við niðurlagningu ríkisráðs og hvetur til að engar breytingar verði gerðar á stjórnarskrá nema í sátt.“

Þetta er langlengsta talan sem forseti hefur haldið á þeim ríkisráðsfundum sem ég hef setið. Hún er greinilega flutt til að áréttu það sem hann hafði áður sagt við setningu Alþingis að hann myndi taka þátt í umræðu um stjórnarskráarmálin. Þetta er formleg tilkynning til ríkisstjórnarinnar frá forseta lýðveldisins um að hann ætli að berjast gegn þeim breytingum á stjórnarskránni sem ríkisstjórn Íslands hefur lagt til á Alþingi og hann sjálfur telur að forsætisráðherra líti á sem merkustu arfleifð sína.

Forsætisráðherra svarar þessu án þess að nota stór orð. Hún segir að forseti megi hafa þær skoðanir sem hann vill, en hún telji hvorki rétt að bóka sína skoðun né fara í efnislega umræðu við forseta á fundi ríkisráðs um mál sem liggja fyrir Alþingi, sem samkvæmt stjórnarskrá eigi eitt að fjalla um þau og afgreiða.

Engum mín megin borðs getur dulist af svipbrigðum formanns VG hversu ósáttur hann er við ræðu forsetans.“

PÓLÍTIÐSKUR ÞRILLER Össur Skarphéðinsson alþingismaður segist ganga nærri sjálfum sér í nýrri bók sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ingarinnar. Trúir flokksmenn eins og Rannveig Guðmundsdóttir, fyrrverandi ráðherra, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrverandi formaður þingflokksins, höfðu haldið þrumandi ræður gegn tillögu forsætisráðherra. Hún fól í sér uppstokkun og fækkun ráðuneyta, og leiddi til að Árni Páll hvarf nauðugur úr ríkisstjórn. „Össur lýsir því svo hvernig minnstu mátti muna að Jóhanna yrði undir í þessum átökum. „Pólitískt líf hennar, formannsembættið og um leið forsætisráðherrastóllinn, hékk á bláþræði,“ segir Össur. Ef hann og fleiri ráðherrar og þingavigtarfolk í flokknum hefði ekki farið nánast maður á mann hefði ríkisstjórnin sprungið á þessu augnabliki.

Viku síðar, eða 7. janúar, skrifar Össur hjá sér: „Í kjölfar fundarins á Nordica hafa verið vangaveltur um hvort ráðherrarnir sem settir voru út úr ríkisstjórninni, einkum Jón Bjarnason, muni hverfa frá stuðningi við hana. Forsetinn er á förum til Abu Dhabi og spyr hvort óhætt sé að hann fari úr landi. Ég segi að samgöngur nútímans séu svo hraðar að hann verði bara kallaður heim ef þarf að mynda nýja ríkisstjórn. Hann hnyklar dýrfirskar brúnir og kveðst vera að spyrja utanáðherra í fullri alvöru.“

Splundraði Samfylkingunni

En það er annað mál sem einnig leiddi næstum til þess að þingflokkur Samfylkingarinnar splundraðist. Eftir að ljóst var orðið að Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, yrði einn ákærður af Alþingi vegna mistaka í starfi í aðdraganda efnahagshrunsins, leggur Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, fram frávísunartillögu gegn ákærinni á Alþingi. Össur studdi aldrei að ráðherrarnir fjórir yrðu yfirleitt ákærðir og lætur nú vita af því að hann ætli að styðja tillögu Bjarna. Þótt Jóhanna styddi ákærurnar ekki heldur, telur hún að frávísun-

artillagan sé óþingtæk, þvert ofan í ákvörðun Ástu Ragnheiðar, forseta Alþingis, að setja tillögu Bjarna á dagskrá. Mjög tvísýnt var um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Að frátöldu hrununni segir Össur að ekkert mál hafi verið honum eins erfitt. „Það lá eins og mara á mér,“ segir hann. „Það urðu heiftarleg átök um þetta, ekki bara innan Samfylkingarinnar, innan annarra flokka og millum flokka líka og í ríkisstjórninni. Eins og kemur fram í bókinni var því beitt gegn mér og Ögmundi Jónassyni að það væru yfirvofandi ríkisstjórnarslit ef þetta yrði samþykkt,“ segir Össur. Og í bókinni greinir hann frá því að innan þingflokks Samfylkingarinnar hafi menn hótad að ganga á dyr eða hætta almennt að lúta vilja ráðherra flokksins í ríkisstjórn um afgreiðslu einstakra mála og greiða atkvæði um öll mál eftir sannfæringu sinni hverju sinni. „Ég held að það hafi verið mjög skammt í það að það hrykki úr þingflokknum,“ segir Össur.

Launhelgi Ríkisráðsfunda aflétt

Getum bætt við okkur verkefnum við alla almenna smíða og raflagnavinnu. Vönduð vinna og áratuga reynsla. Uppl. í sínum 8964590 og 8624685.

Hæfur smíður og trésmíður leitar að vinnu. Ég er með vinnubílm tæki og tól. s. 7718013

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynslögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið



NORSKA I & II- NORSKA f. heilbrigðisgeira, SÆNSKA, ENSKA f fulloröna. ÍSLENSKAF. útlendinga - ICELANDIC. Námskeið byrja- Courses starting:14/10, 4/11, 2/12. Kvöld/Morgna. Mornings/Evenings. 4 vikur-6 vikur/ 3 eða 5 sinnum viku- 4 weeks, 3 or 5 days a week. Sjá: www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan- IceSchool, Ármúli 5. s.5881160.

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og aksturmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og aksturmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

námskeið

Námskeið í kinesio-teipun

Frábært meðferðarform sem eykur árangur þinn í meðhöndlunum.

Námskeið í kinesio-teipun verður haldið fyrir fagfólk sem hefur lært kinesiology eða vöðvaprófanir.

Á föstudag er upprifjun á vöðvaprófunum og leiðréttingu orkuflæðis til þeirra. Farið er í undirstöðuatriði kinesio -teipunar og fá nemendur verklega þjálfun í teipungum á laugardag og sunnudag

Námskeiðið verður í Reykjavík 15.-17. nóv. n.k.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Svövu í síma 894 0550 eða á www.nuddstofan.is e-mail: nuddstofan@nuddstofan.is

skemmtanir

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:
LAUGARDAGURINN 2. NÓV
12:35 NEWCASTLE - CHELSEA
14:50 FULHAM - MAN. ÚTD.
14:53 MAN. CITY - NORWICH
17:20 ARSENAL - LIVERPOOL
SUNNUDAGURINN 3. OKT
13:20 EVERTON - TOTTENHAM


HLJÓMSVEITIN UPPLÝFTING SPILAR Í KVÖLD.
Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina
Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádegjun virka daga • Boltatilboð • Hamborgartilboð • Veislusalur til útteigu

FYLGIST MEÐ PESSUM

Patrick Beverly 25 ára leikstjórnandi HOUSTON ROCKETS

Beverly hefur leikið utan Bandaríkjanna, í Úkraínu, Grikklandi og Rússlandi, frá því að Lakers valdi hann númer 42 í nýliðavalinu 2008. Nú er hann búinn að hirða byrjunarliðssætið hjá Rockets af engum öðrum en Jeremy Lin.



Eric Bledsoe 23 ára leikstjórnandi PHOENIX SUNS

Bledsoe náði aldrei að blómstra hjá Clippers en verður í töluvert stærra hlutverki hjá slökku liði Phoenix Suns í vetur og er til alls líklegur.



Jimmy Butler 24 ára skotbakkvörður CHICAGO BULLS

Butler, sem varð heimilislaus þrettán ára gamall, sýndi hvað í honum bjó á síðari hluta síðustu leiktíðar, þegar hann spilaði stórkostlegan varnarleik og hóf að skora þriggja stiga körfur af miklum móð. Verður lykilmáður í ógnarsterku liði Bulls í vetur.



Michael Carter-Williams 22 ára leikstjórnandi PHILADELPHIA 76'ERS

Carter-Williams er hávaxinn og slánalegur leikstjórnandi sem hefur ákaflega næmt auga fyrir því hvert best er að senda boltann. Hann var valinn ellefti í nýliðavalinu í sumar og hóf NBA-ferilinn í vikunni með ótrúlegum leik – skoraði 22 stig, gaf 12 stoðsendingar, tók sjö fráköst og stal níu boltum.



Andre Drummond 20 ára miðherji DETROIT PISTONS

Hinn tröllslegi Drummond var valinn níundi í nýliðavalinu í fyrra og hefur síðan vaxið jafnt og þétt. Menn gera ráð fyrir því að hann verði meðal frákastahæstu leikmanna deildarinnar þetta árið.



Reggie Jackson 23 ára leikstjórnandi OKLAHOMA CITY THUNDER

Reggie Jackson hefur verið frekar aftarlega í goggunarröðinni hjá Oklahoma síðan hann var valinn 24. í nýliðavalinu 2011, en það mun breytast í ár með brotthvarfi Kevins Martin og meiðslum Russells Westbrook. Hann hefur sýnt í undirbúningsleikjum að hann getur staðið undir ábyrgðinni.



Victor Oladipo 21 árs skotbakkvörður ORLANDO MAGIC

Oladipo var valinn annar í nýliðavalinu í sumar og gera má ráð fyrir að hann fái mikið að spila þennan fyrsta vetur sinn í deildinni. Hann er frábær varnarmaður og lunkinn skorari.



Kelly Olynyk 22 ára miðherji BOSTON CELTICS

Pessi stóri Kanadamaður, sem Boston valdi 13. í nýliðavalinu í sumar, sýndi í æfingaleikjum í sumar að hann getur vel spilað körfubolta. Hann ætti að fá nóg að gera í þunnskipuðu liði Boston Celtics.



Klay Thompson 23 ára skotbakkvörður GOLDEN STATE WARRIORS

Thompson er á meðal bestu þriggja stiga skyttu deildarinnar. Hann spilaði mikið á síðustu leiktíð og stóð sig vel. Hóf þessa með því að slá persónulegt stigamet á móti Lakers, skoraði 38 stig og hitti úr 15 af 19 skotum sínum.



Tristan Thompson 22 ára kraftframherji CLEVELAND CAVALIERS

Menn hafa beðið eftir að Tristan Thompson springi út og réttlæti að Cleveland hafi valið hann fjórða í nýliðavalinu 2011. Upphafið á þessu tímabili bendir til þess að kannski ætli hann loksins að láta verða af því núna.



Jonas Valanciunas 21 árs miðherji TORONTO RAPTORS

Pessi stóri og stæðilegi Lithái hefur ekki staðið undir væntingum enn sem komið er, en bundnar eru vonir við að það breytist loksins í ár. Hann hefur verið sprækur á undirbúningsstímabilinu.



NÝJU MENNIRNIR
Kevin Garnett hefur sagt að nú sé stefnt á titil. Það er enda leynt og ljóst markmið Brooklyn-búa. Það er því mikil ábyrgð á herðum Jasons Kidd.
NORDICPHOTOS/AFP



ALLT UNDIR HJÁ ENDURBÆTTU BROOKLYN-LIÐI

Fá lið leggja meira undir á komandi leiktíð en Brooklyn Nets. Liðið er með nýjan þjálfara – goðsögnina Jason Kidd, sem lagði skóna á hilluna í vor eftir magnaðan feril og síðbúinn meistaratitil með Dallas Mavericks árið 2011.

Kidd er reyndar algjörlega óskrifað blað í þjálfunarfræðunum, en sér til fulltingis hefur hann fengið mikla reynslubolta í liðið; þrefalda sendingu frá Boston Celtics sem allir hafa unnið meistaratitil á umliðnum árum. Þetta eru þeir Kevin Garnett, Paul Pierce og Jason Terry, sem auk Andrei Kirilenko munu styrkja Brooklyn-liðið til mikilla muna.

Byrjunarliðið verður ógnarsterkt; skipað þeim Deron Williams, Joe Johnson, Pierce, Garnett og Brook Lopez, og bekkurinn er ekki ónýtur heldur, með Terry, Kirilenko, Mirza Teletovic, Andray Blatche, Reggie Evans og Shaun Livingston í aðalhlutverkum.

Þessir menn eru fæstir nein unglömb og það er ljóst að í Brooklyn er tjaldað til einnar nætur – eða einnar leiktíðar – með þennan mannskap. Par á bæ ætla menn einfaldlega að gera atlögu að titlinum. Allt annað verður álitid ósigur.

HANN ER SNÚINN AFTUR

Búið er að blása til leiks í NBA-deildinni í körfubolta. LeBron James og félagar í Miami Heat þurfa nú að mæta Derrick Rose aftur – hann hefur ekki spilað í eitt og hálf ár en virðist í feiknagóðu formi. Nokkur óvænt úrslit hafa þó litið dagsins ljós í blábyrjun leiktíðar.

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is



Hann er mættur aftur til leiks, eini maðurinn sem hefur verið valinn besti leikmaður NBA-deildarinnar frá árinu 2008 og heitir ekki LeBron James. Þangað til nýlega hafði Derrick Rose ekki spilað körfubolta síðan hann sleit krossband í hné í byrjun úrslitakeppninnar 2011, þá nýbúinn að hljóta þá eftirsóttu upphæfð að vera valinn verðmætasti leikmaður deildarinnar.

Sú leiktíð fór því út um þúfur hjá Bulls en af nýafstöðnu undirbúningsstímabili að dæma hefur Rose ekki gleymt miklu síðan – jafnvel lært eitt og annað nýtt. Hann hefur farið á kostum, og þótt honum hafi fatast flugið í fyrsta leik tímabilsins gegn meisturum Miami Heat á þriðjudag og tapað stórt þá hafa sumir spekulantar, til dæmis Bill Simmons, engu að síður spáð því að Chicago Bulls, með Rose í broddi fylkingar, muni verða sterkara lið en Miami í ár – að minnsta kosti fram að úrslitakeppni í vor.

Það verður enginn hægðarleikur fyrir nokkurt lið að skáka LeBron James og félögum í Miami í ár, frekar en undanfarin tvö. Liðið hefur styrkt sig og því er spáð enn einum meistaratitlinum af öllum veðbönkum. Það kom því nokkuð á óvart (og „nokkuð“ er hér nokkuð vægt ákvæðisörð) þegar Miami-liðar tóku upp á því að tapa fyrir Philadelphia 76'ers á miðvikudagskvöld. Furðan stafaði ekki hvað síst af því að engu liði hafði verið spáð verra gengi í deildinni í vetur en einmitt Philadelphia, sem losaði sig við sterka menn í sumar og fékk lítið í staðinn.

Stórveldi í lægð

Ekki er búist við að tvö helstu veldi NBA-sögunnar, Boston Celtics og Los Angeles Lakers, verði til stórræðanna í vetur. Celtics er höfuðlaus her – hefur misst Paul Pierce og Kevin Garnett, auk þess sem leikstjórnandinn snjalli, Rajon Rondo, mun sitja meiddur á hliðarlínunni fyrstu vikurnar eða mánuðina.

Lakers er í svipuðu tjóni, með Kobe Bryant borgaralega klæddan að vinna sig upp úr meiðslum og búið að senda Dwight Howard til Houston. Steve Nash yngist ekki og fæstir eiga von á að Lakers nái í úrslitakeppnina þennan vetur.

Það er reyndar til mikils að vinna fyrir þau lið sem standa sig hvað verst á leiktíðinni sem nú er nýhafin. Nýliðavalið næsta sumar stefnir í að verða það kræsilegasta í áráraðir, og jafnvel talið að þar verði fimm, sex – ef ekki fleiri – leikmenn sem geti haft afgerandi áhrif til langtíma á liðin sem hreppa fyrstu valréttina.

Allra stærsta hnosið er Kanada-maðurinn Andrew Wiggins, sem sagður er mesta efni sem sést hefur síðan kóngurinn LeBron James var valinn árið 2003.

Ef Lakers hefur í hyggju að blanda sér í slaginn um feitustu bitana á nýliðamarkaðnum á næsta ári með því að standa sig herfilega þá byrjaði liðið reyndar ekki nógu vel á þeirri vegferð, því öllum að óvörum lagði það nágranna sína í Los Angeles Clippers að velli í fyrsta leik á þriðjudag.

Fyrirfram höfðu menn spáð því að Clippers yrðu meðal bestu liða deildarinnar, enda eru þeir komnir með almennilegan þjálfara, Doc Rivers frá Boston, í stað Vinny Del Negro, sem margir töldu örgustu liðleskju, og hafa auk þess bætt leikmannahópinn.

Galopin vesturdeild

Lakers var kippt hressilega niður á jörðina eftir sigurinn gegn Clippers með rassskellingu af hendi Golden State Warriors, öðru liði sem menn spá miklum frama í Vesturdeildinni þetta árið.

Warriors komust í aðra umferð úrslitakeppninnar í fyrra með sjóðheitan Stephen Curry fremstan í flokki og þeir verða varla verri eftir að hafa nælt sér í Andre Iguodala, landsliðsmann Bandaríkjanna, frá Denver Nuggets í sumar.

Önnur lið sem venju samkvæmt munu blanda sér í toppbaráttuna vestan megin þetta árið eru mennirnir sem aldurnir virðist ekki bita á í San Antonio Spurs og orkuboltarnir í Oklahoma City Thunder, sem misstu reyndar sjötta mann liðsins og þriðja stiga-hæsta leikmann, Kevin Martin, til Minnesota Timberwolves án þess að fá neitt í staðinn. Það gæti reynst þeim dýrt.

Svo má ekki gleyma Houston Rockets. Þeir sömdu við miðherjann Dwight Howard í sumar og hann hóf leiktíðina á að rífa niður hvorki fleiri né færri en 26 fráköst á móti Charlotte Bobcats á miðvikudag. Með hann, James Harden, Omer Asik, Jeremy Lin, Chandler Parsons og fleiri innanborðs eru Houston-menn til alls líklegir.

Memphis Grizzlies og Denver Nuggets eru lið sem menn hafa áður farið flatt á að vanmeta og brenna sig ekki á því aftur.

Væringar í austrinu

Austan megin spá menn sem áður segir Miami og Chicago góðu gengi, og auk þeirra Indiana Pacers, sem hafa verið á miklu flugi síðustu ár, og Brooklyn Nets, sem nánar er fjallað um hér til hliðar. Svo er víst ekki hægt að afskrifa New York-liðið þótt það hafi, ef eitthvað er, veikst frá fyrra ári.

Þá verður spennandi að fylgjast með því hvernig Cleveland Cavaliers pluma sig með stappfullt lið af ungum mönnum – Kyrie Irving, Dion Waiters, Tristan Thompson og fyrsta valréttinn í nýliðavalinu þetta árið, Anthony Bennett, að ógleymdum miðherjanum sterka Andrew Bynum, sem er reyndar aldrei hægt að treysta á að verði heill heilsu mikið meira en hálfan leik.

Detroit Pistons teflir einnig fram breyttu liði og hefur bætt við sig framherjanum Josh Smith frá Atlanta Hawks og Brandon Jennings frá Milwaukee Bucks og þyir eiga góða möguleika á að komast í úrslitakeppnina.

→ Hann er mættur aftur til leiks, eini maðurinn sem hefur verið valinn besti leikmaður NBA-deildarinnar frá árinu 2008 og heitir ekki LeBron James.



Ráðstefna
í Hagaskóla
8.–9. nóv.

RÁÐSTEFNA

SAMTÖK
ÁHUGAFÓLKS UM SKÓLAÞRÓUN

ÞARF SKÓLINN
AÐ VERA
SKEMMTILEGUR?
Námsáhugi og árangur
í skólastarfi

HVAÐ VITUM VIÐ UM
NÁMSÁHUGA ÍSLENSKRA
SKÓLABARNA?

Amalía Björnsdóttir, dósent
við Menntavísindasvið
Háskóla Íslands

JÁ! LEIKSKÓLI ÞARF AÐ
VERA SKEMMTILEGUR

Guðrún Sólveig, leikskólastjóri
í leikskólanum Rauðhóli

ÞARF SKÓLINN AÐ
VERA SKEMMTILEGUR?

Fjórir framhaldsskólanemar
svara spurningunni

SKEMMTILEGRI
SKÓLI — SAGT FRÁ
ÞRÓUNARVERKEFNI

Guðmundur Grétar
Karlsson, kennari við
Fjölbrautaskóla
Suðurnesja

„STRANGUR
EN SAMT SVONA ... LÉTTUR Í LUNDINNI“
— SAGT FRÁ NIÐURSTÖÐUM RANNSÓKNAR Á
FRAMÚRSKARANDI KENNURUM

Guðlaug Björgvinsdóttir,
kennari í Norðlingaskóla

Nánari upplýsingar
og skráning á
www.skolathroun.is

MÁLSTOFUR — VINNUSTOFUR — ÖRNÁMSKEIÐ — KYNNINGAR UM FJÖLBREYTT EFNI, MEÐAL ANNARS ÞESSI:

LEIKSKÓLI

Að fara út fyrir þægindarammann.
Sagt frá skemmtilegri tilbreytingu
í leikskólastarfi.

„Það skapar vellíðan að þurfa
ekki að keppa við tímann.“
Áhrif skipulags á vellíðan
barna í leikskóla.

GRUNNSKÓLI

Leikur að læra. Bókleg fög kennd
í gegnum leiki og hreyfingu.

Stærðfræði
Sóknarfæri til skemmtunar.

Þar sem við tökum flugið.
Þegar nemendur ráða viðfangs-
efnum sínum eykst
starfsgleðin.

FRAMHALDSSKÓLI

Þarf saga endilega að vera
handa öllum?

Þar sem tilbúnir glæpir eru
leystir með aðferðum
vísindanna.

Ég á heima í Klapplandi.
Um þróunarverkefnið
Klappland (námspil).

Ráðstefnan er í Hagaskóla 8.–9. nóvember og er öllum opin. Ráðstefnugjald 3000 kr. fyrir félagsmenn og 4000 kr. fyrir utanfélagsmenn.

Nánari upplýsingar og skráning á www.skolathroun.is

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM SKÓLAÞRÓUN

MAÐURINN SEM Á SÖK Á ÖLLU ILLU

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson komst að því sér til undrunar að sá maður sem á sök á öllum hörmungum 20. aldar er hvorki Hitler né Stalín heldur Wilhelm Souchon. Og hver er nú það?



Einhvern tíma í upphafi þessa litla greinaflokks minntist ég á kúrs sem Guðni Th. Jóhannesson hefur verið með í sagnfræðideild Háskóla Íslands nú á haustmisseri og fjallar um hjásögu, sem sé „hið sögulega ef“ – hvað hefði breyst í sögunni ef einhver viðburður hefði endað öðruvísi en hann gerði í raun og veru. Ég varð svo þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að halda smá tölu yfir nemendum Guðna og spjalla þar um þetta áhugamál mitt fram og til baka. Og ef ég má halda áfram á persónulegum nótum, þá gladdi það mig sérstaklega að eftir á gaf einn nemendanna sig á tal við mig og sagði mér að grein sem ég skrifaði fyrir allmörgum árum um efni af þessu tagi hefði hvorki meira né minna en kveikt slíkan áhuga á sögu í brjósti hans að einmitt þess vegna sat hann nú þarna, skráður í sagnfræðideild Háskóla Íslands og á góðri leið með að verða sagnfræðingur. Ég var reyndar næstum búinn að gleyma þessari grein sjálfur en fór svo að rifja upp fyrir mér þá sögu sem ég sagði þar, og hún er vissulega ansi merkileg og kveikir nokkrar verulega erfiðar spurningar um framvindu sögunnar. Samkvæmt þeirri kenningu sem varpað var fram í greininni, þá er nefnilega eiginlega allt illt sem hent hefur í sögunni á 20. öld og fram á okkar dag einum og aðeins einum manni að kenna. Og það er ekki Adolf Hitler eða Jósef Stalín og ekki einu sinni Maó Zedong. Heldur Wilhelm Souchon.



ORRUSTUBEITISKIPIÐ GOEBEN

Og nú reikna ég með að flestir lesenda hvái. Það er líka að vonum, því Souchon þessi er vægast sagt ekki mjög þekktur maður. Í sögu fyrri heimsstyrjaldarinnar nær hann stundum einni málsgrein en verður iðulega að sætta sig við að vera innan sviga. Og oft er hreinlega ekki á hann minnst. Því kann það að virðast hraustlega mælt að ætla honum þá miklu sök að bera ábyrgð á rússnesku byltingunni, Gúlageyjaklasanum, valdatöku Hitlers í Þýskalandi, seinni heimsstyrjöldinni, helförinni gegn Gyðingum, kalda stríðinu, erjum í Miðausturlöndum og gott ef ekki hryðjuverkunum 11. september 2001. En það má nú samt gera, og alls ekki í tömu gríni.

Skjótrar ákvörðunar þörf

En hvað var það þá sem Wilhelm þessi Souchon gerði svona voðalega mikið af sér? Það virkar reyndar ekki mjög skelfilegt. Að kvöldi 5. ágúst 1914 var hann staddur á skipi sínu út af Adríahafi við Ítalíuskaga og eftir nokkurt hugarstríð ákvað hann að taka stefnuna í austur en ekki norður. Stefna í höfn í Ístanbul en ekki Púla. Það var nú allt og sumt.

Fyrri heimsstyrjöldin var að brjótast út þessa fyrstu daga í ágúst 1914. Þýskaland og Austurríki-Ungverjaland kölluðust Miðveldin og ljóst var að þau myndu etja kappi við Bretland, Frakkland og Rússland sem kölluðu sig Bandamenn. Breski flotinn var þá allsráðandi á höfunum en í Miðjarðarhafi var þó þýskt orrustubeitiskip á ferð undir stjórn fimmtugs admírals frá Leipzig, Wilhelms Souchon. Goeben hét þetta skip, nefnt í höfuðið á þýskum generál á 19. öld. Skipið hafði skotið á franskari bækistöðvar í Alsír en þurfti nú nauðsynlega að komast í skjól því stór bresk flotaeld var að safnast saman til að elta það. Kæmi til orrustu þurfti Souchon ekki að spyrja að leikslökum þótt Goeben væri raunar nýlegt skip og fullkomið á þeirra tíma vísu.

Í Messína á Sikiley hafði Souchon með miklum erfiðismunum orðið sér úti um svölitið af kolum til áframhaldandi siglingar og var nú staddur suður af Ítalíuskaga. Hann varð nú að taka skjóta ákvörðun um hvert halda skyldi. Kolin myndu ekki endast lengi og ítalskar hafnir yrðu honum héðan í frá lokaðar, þar eð Ítalir voru þá að skipa sér í raðir Bandamanna.

Þegar Souchon lagði nokkrum dögum fyrir úr höfn í Púla í Austurríki-Ungverjalandi (nú í Króatíu) hafði yfirmaður þýska flotans, Alfred von Tirpitz, skipað svo fyrir að hann skyldi á endanum sigla til Ístanbul í Tyrklandi. Þjóðverjar vonuðust til að vinna Tyrki til fylgis við Miðveldin í hinni yfirvofandi styrjöld og höfðu gert leynisamkomulag við tyrknesk hernaðaryfirvöld um samvinnu. Hluti af því var að Goeben átti að geta fengið skjól fyrir breska flotanum í Ístanbul. En nú var komið babb í bátinn, bandalag við Þjóðverja mætti mikilli andspyrnu málsmetandi manna í Tyrklandi og á þessari stundu var ekki útlit fyrir að neitt yrði úr neinu. Tyrkland yrði hlutlaust í stríðinu. Þjóðverjar voru ekkert að sýta það um of. Þeir bjuggust við að knésetja Bandamenn á skömmum tíma og þyrftu svo sem enga hjálp Tyrkja við það. En Tirpitz hafði því sent Souchon skeyti og sagt honum að hætta við að sigla til Ístanbul.

Á fullri ferð í austurátt

Þá var í raun aðeins ein rökrétt leið fyrir Souchon. Að sigla sem skjótast norður Adríahaf og leggja aftur við stjóra í Púla þar sem austurrískar tundurduflavarnir og fallbyssur myndu vernda skip hans fyrir breska flotanum. En hann yrði þá að sætta sig við að vera þar innilokaður þangað til styrjöldinni lyki. Breski flotinn myndi bíða fyrir utan hafnarmynnið í Púla og vakta sérhverja hreyfingu Goeben.

Það var í sjálfu sér ekkert skelfilegt tilhugsun að vera lokaður inni í Púla til stríðs-

loka. Þetta er hugguleg borg, veðrið er gott og enginn bjóst við öðru en stríðinu yrði lokið eftir hálf ár í síðasta lagi. En Souchon leist samt ekki á þá tilhugsun að híma bak við tundurduflagirðingarnar í Púla mánuðum saman. Honum fannst þar lítið leggjast fyrir sitt stolta skip. Og þar sem Goeben dólaði suður af Ítalíuskaga og reykurinn frá breska flotanum var sjáanlegur á sjóndeildarhringnum, þá stíkaði Souchon um brúna á orrustubeitiskiptinu sínu og reyndi að gera upp hug sinn. Og þegar styttist í að byssukjafar bresku herskipanna tækju að gelta tók Souchon að lokum mjög afdrifarlíka ákvörðun. Einn og sjálfur og án þess að ráðgast frekar við Tirpitz í Berlín ákvað flotaforinginn að stefna þrátt fyrir allt til Ístanbul og með því „neyða Tyrki til að ganga opinberlega í bandalag við Þjóðverja“.

Svo lét hann skipstjóra Goeben stefna á fullri ferð í austurátt, náði að stinga bresku herskipin af og brunaði að lyktum norður Eyjahaf og inn til Ístanbul. Þar gekk allt að óskum frá hans sjónarmiði. Þjóðverjar buðust til að gefa Tyrkjum skipið gegn því að Souchon og menn hans stýrðu því áfram. Þeim Tyrkjum, sem vildu bandalag við Þjóðverja, svall móður þegar þeim barst upp í hendur svo öflugur liðsauki á Svartahafinu, þar sem þeir áttu í eilífri togstreitu við Rússa, og á skammri stundu lyppuðust hlutleysissinnar í Ístanbul niður, og Tyrkjaveldi skipaði sér fljótlega í raðir Miðveldanna. Goeben var skírt Yavuz Sultan Selim og Souchon stýrði aðgerðum þess í Svartahafi allt til 1917.

Gekk svo fyrri heimsstyrjöldin fram eins og allir þekkja af sögubókum. Eftir ógurlega bardaga í rúm fjögur ár þraut Þjóðverja, Austurríkismenn og Tyrki lokk úthaldið í nóvember 1918 og gáfust upp.

Enginn Hitler og engin helför

En í hverju liggur hin mikla sök Souchons, sem ég lýsti á hendur honum í upphafi? Hvaða máli skipti þetta þegar upp var staðið? Jú – Erich Ludendorff, einn æðsti hershöfðingi Þjóðverja, sagði síðar að ef Tyrkir hefðu ekki komið til liðs við Miðveldin hefðu yfirburðir Bandamanna í liðsafla leitt til þess að Þjóðverjar og Austurríkismenn hefðu tapað styrjöldinni hefði lokið 1916 hefði farið öðruvísi í veröldinni. Viðurstygilegri slátrun síðustu tveggja stríðsáranna hefði verið afstýrt. Bandaríkin hefðu ekki þurft að taka þátt í stríðinu. Þau hefðu haldið áfram að þróa sína einangrunarstefnu með ofyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir gang heimssögunnar. Rússland hefði ekki gengið svo fram af sér í stríðinu að hinn fámenni flokkur bolsévika hefði aldrei átt möguleika á að ræna þar völdum í nóvember 1917. Enginn Lenín, enginn Stalín, ekkert Gúlag. Og ósigur Þjóðverja 1916 hefði aldrei orðið jafn alger og aúdmýkjandi og raun varð á tveim árum seinna. Hrunið þar í landi hefði ekki orðið algert. Enginn Hitler, engin valdataka nasista, engin helför gegn Gyðingum. Þar af leiðandi ekkert Ísraelsríki, að minnsta kosti alls ekki í þeirri mynd og þeirri sögu sem við þekkjum. Og fyrst engin Sovétríki urðu til, þá hefði náttúrulega ekkert kalt stríð átt sér stað.

Þótt þessar hugleiðingar virðist nokkuð klikkaðar, þá eru þær í rauninni ekki svo galnar. Og sýna okkur hvað stórvíðburðir sögunnar virðast sumir reistir á veikum grunni. Ef einn admírall stíkaði um brúna í skipi sínu getur ráðið svo miklu um hvað gerist í sögunni. Og þegar ég rakst á að Winston Churchill var þessu sammála, þá þarf náttúrulega ekki frekari vitna við, en hann sagði að sigling Souchons til Ístanbul hefði haft í för með sér „meiri slátrun, meiri hörmungar og meiri eyðileggingu en nokkru sinni hefur ráðist af áttavita skips“.

Og nú væri gaman að fleiri drifu sig að skrá sig umsvifalaust í sagnfræði!

Námskeið fyrir þjónustuaðila handslökkvitækja, reykköfunartækja og loftgæðamælinga 21. og 22. nóvember 2013

Mannvirkjastofnun stendur fyrir námskeiði fyrir þjónustuaðila handslökkvitækja, reykköfunartækja og loftgæðamælinga skv. gr. 38 a í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir. Skilyrði til að öðlast starfsleyfi er að þeir starfsmenn sem annast viðhald og skoðun þessa búnaðar hafi lokið námi og staðist próf sem Mannvirkjastofnun heldur. Efnistöð námskeiðsins byggja á reglugerð nr. 1067/2011 um þjónustuaðila brunavarna.

Námskeiðið er ætlað þeim sem uppfylla kröfur um sérákvæði í reglugerð nr. 1067/2011 um þjónustuaðila brunavarna.

Námskeiðinu lýkur með skriflegu prófi.

Skúlagötu 21 • 101 Reykjavík • Sími 591 6000
Fax 591 6001 • mvs@mvs.is • www.mvs.is

Námskeiðið verður haldið 21. og 22. nóvember 2013 á Smiðjuvegi 13a Kópavogi.

Námskeiðsgjald er 24.000 kr.

Umsóknir um þátttöku sendist fyrir 13. nóvember á netfangið bernhard@mvs.is á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðu Mannvirkjastofnunar, www.mvs.is.

Mannvirkja stofnun



WILHELM SOUCHON (1884-1946)



ALFRED VON TIRPITZ (1849-1930)

”Og þar sem Goeben dólaði suður af Ítalíuskaga og reykurinn frá breska flotanum var sjáanlegur á sjóndeildarhringnum, þá stíkaði Souchon um brúna á orrustubeitiskiptinu sínu og reyndi að gera upp hug sinn.“

NÝIR LEIKIR



5.989 KR



12.499 KR



**Call of Duty
GHOSTS**
**SALA HEFST Á
MÁNUDAG KL. 22**
Í SKEIFUNNI, GARÐABÆ
OG Á AKUREYRI

Allt vöruúrvalið fæst í Skeifunni, Smáralind, Kringlunni, Garðabæ og á Akureyri.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU
Á NETINU
HVENÆR
SEM ER

HÖFUM OPNAÐ

Í LINDUM, SKÓGARLIND 2 KÓPAVOGI

MEGA OPNUNAR TILBOÐ!

GILDIR TIL
17/11/2013

Sondico
FÓTBOLTAR



HAEMARK 3 SETT Á MANN

ADEINS
390 KR

**FJÖLNOTA POKI
FYLGIR**

EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA
EN 6.990 KR



Reebok Nike DUNLOP SPORT

10%
AFSLÁTTUR

AF SKÓM

PUMA adidas LONSDALE

Slazenger

STUTTERMA- OG PÓLÓ BOLIR



2 FYRIR 1

10% AFSLÁTTUR

Í NÝRRI VERSLUN OKKAR
Í LINDUM KÓPAVOGI.
02/11/2013 - 17/11/2013

Nafn:

Heimilisfang:

Tölvupóstur:

1) 10% afsláttur fæst gegn framvísun þessa miða, EINUNGIS í nýrri verslun Sportsdirect.com í Lindum Kópavogi. 2) Gildir einungis 02/11/2013 - 17/11/2013. 3) Einungis einn miði á mann. Ekki er hægt að nota fleiri en einn miða í einu. 4) Ekki er ekið við miðum sem hafa verið ljósritaðir, breyttir eða á einhvern hátt hefur verið átt við. 5) Ekki er hægt að breyta afslættinum á nokkurn hátt eða bæta við önnur tilboð. 6) Afsláttarmiðinn hefur ekkert handbært innlausnarvirði. 7) Afsláttarmiðinn gildir ekki með öðrum opnunartilboðum. 8) Afsláttarmiðinn gildir ekki með fótballatreyjum eða öðrum merktum fótballtavarningi. 9) Ef upp kemur ágreiningur um miða þennann, þá gildir lokaákvörðun verslunarstjóra. 10) Með því því að nýta þér þennan miða þá samþykkir þú að skrá þig á póstlista Sportsdirect.com með nafni og tölvupóstfangi. Þér er frjálst að afskrá þig af listanum hvenær sem er. Persónuupplýsingar verða ekki framseldar 3. aðila.





**TAPOUT
DARKNESS
HETTUPEYSA**



4.990 KR



FIRETRAP BÓMULLARPEYSA

Firetrap

4.790 KR



**FIRETRAP TOKYO GALLABUXUR
HERRA**

Firetrap

**EINNIG TIL Í
BLÁU**

CRAZY PRICE

3.590 KR



**FIRETRAP KINGDOM
JAKKI KVENNA**

Firetrap

9.890 KR



**KARRIMOR TUNDRA FLÍSPEYSA
HERRA**



5.990 KR



**AIRWALK
CARGO
GALLABUXUR
HERRA**



5.990 KR



**KARRIMOR
FLÍSPEYSA
KVENNA**



5.190 KR



**KARRIMOR URBAN
KVENNA**



11.490 KR



**LONSDALE JOGGING
GALLI**



**STÆRDIR
2-6 ÁRA**

4.390 KR



**GOLDDIGGA
JEGGINGS**



**MARGIR
LITIR**

2.990 KR



**LONSDALE
JOGGING BUXUR
KVENNA**



2.990 KR



**LA GEAR
BÓMULLARBUXUR
KVENNA**



1.590 KR



**KARRIMOR BOULDER
GÖNGUSKÓR**

4.990 KR

**STÆRDIR 27,5 - 34
TIL Í BLÁU, BLEIKU
OG LJÓSBRÚNU**



**KARRIMOR FLEX LITE
HLAUPASKÓR KVENNA**

8.990 KR




NIKE AIR MAX SKYLINE

20.790 KR



* Birt með fyrirvara um prent- og innsláttarvillur. Gildir á meðanbirgðir endast.



GLÆNÝJAR
RAFÆKUR !

Nokkur af nýjustu skáldverkunum eru þegar komin út á rafbókaformi, þar á meðal Dísusaga eftir Vigdísí Grímsdóttur, Grimmd eftir Stefán Mána, Mánasteinn eftir Sjón og fleiri og fleiri.

FÆRT TIL
BÓKAR



Bók um Karólínu

Von er á bók um listakonuna Karólínu Lárusdóttur á allra næstu vikum. Í þessari listaverkabók eru litmyndir af verkum Karólínu auk fjölda ljósmynda úr fjölskyldualbúnum hennar og ítarleg grein um listakonuna, ævi hennar og listþróun eftir Aðalstein Ingólfsson listfræðing. Allur texti bókarinnar er bæði á ensku og íslensku.



Fiskarnir í flóðinu

Svo undarlega sem það kann að hljóma tengjast titlar tveggja jólabókanna í ár fiskum og fótum. Veiðisaga Pálma Gunnarssonar nefnist Gengið með fiskum og ný skáldsaga Jóns Kalmans Stefánssonar heitir Fiskarnir hafa enga fætur. Skemmtileg tilviljun sem hefur orðið ýmsum gárungum tilefni til gamanmála.

Bergsveinn tilnefndur til Brage-verðlauna

Bók Bergsveins Bergssonar, Svarti víkingurinn, er tilnefnd í flokki fræðiritna til Brage-bókmenntaverðlaunanna en það eru virtustu bókmenntaverðlaun sem veitt eru í Noregi. Á heimasíðu verðlaunanna segir að ekki sé vitað til þess að útlendingur hafi fyrr verið tilnefndur.

Svarti víkingurinn fjallar um forföður Bergsveins, Geirmund heljarskinn, konungsson frá Rogalandi, sem lét að sér kveða á Íslandi á níundu öld. Bókin skiptist í fjóra hluta, eftir þeim landsvæðum þar sem Geirmundur heldur sig: Rogaland, Bjarmaland



(N-Rússland), Írland og Ísland. Áralangar rannsóknir liggja að baki henni auk þess sem persónuleg sýn Bergsveins á viðfangsefnið eykur vídd sögunnar, að því er segir á fyrrnefndri heimasíðu Brage-verðlaunanna. Til viðbótar gengur sagnfræði bókarinnar þvert á viðurkenndar hugmyndir um landnám og þróun Íslands, segir þar enn fremur.

Bergsveinn starfar sem háskólakennari í Bergen. Hann var í fyrra tilnefndur til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs af Íslands hálfu fyrir skáldsöguna vinsælu Svar við bréfi Helgu.

Er um enn þá síðnýlendubjóð

Sæmd, nýjasta skáldsaga Guðmundar Andra Thorssonar, fjallar um sannsögulega atburði sem áttu sér stað í Reykjavík árið 1882. Hann segist þó alls ekki vera að skrifa sagnfræði, heldur að endurskapa persónur og atburði.

Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is



Guðmundur Andri er nýlentur eftir að hafa verið viðstaddur verðlaunaveitingar Norðurlandaráðs í Ósló þar sem bók hans Valeyrarvalsinn var meðal tilnefndra. Hann lætur vel af dvölinni og gestrisni Norðmanna. „Maður var þarna í dýrðlegum fagnaði frá morgni til kvölds,“ segir hann. En nú er alvara lífsins tekin við á ný og fyrir liggur að fylgja nýju skáldsögunni Sæmd úr hlaði. Þar segir af átökum í Lærða skólanum í Reykjavík í lok árs 1882 þar sem Benedikt Gröndal og Björn M. Ólsen takast á. Hvernig kom það söguefni til hans?

Íslenskt Dreyfus-mál

„Ég kynntist Gröndal sem krakki þegar mamma setti mig í að lesa Heljarslóðarorustu. Mér fannst hún voða skemmtileg og hún höfðaði mikið til mín. Á unglingsárunum marglas ég síðan þykka bækur eftir Þorstein Thorarensen sem fjalla um stjórnmálin og lífið í Reykjavík á árunum fyrir aldamótin 1900. Í einni af þeim bókum er frásögn af því þegar ungum pilti verður það á að stela bók af félagi sínum í Lærða skólanum, eftirmálum þess glæps og hvernig Gröndal hefur afskipti af því máli. Mér hefur alltaf fundist þetta vera svona svolítið íslenskt

Dreyfus-mál. Frekar ómerkilegt mál og frekar lítilsigldur glæpur og allt svona dálítið smátt í sniðum en samt sér maður það stóra í því líka.“

Gröndal og Ólsen

Slagur þeirra Gröndals og Ólsens virðist líka hafa snúist um allt annað en þennan bókastuld. „Já, já, já, þetta er náttúrulega saga sem snýst um vald, valdbeitingu og baráttu um völd yfir veraldlegum hlutum en kannski fyrst og fremst völd yfir andlegu lífi.“

Óg þeir félagar tákna hvor sinn pólinn í þeirri baráttu? „Já, þeir voru báðir íslenskufraeðingar og Gröndal auðvitað fjölfræðingur, skáld og listamaður þótt hann nyti ekkert sérstakrar virðingar. Björn aftur á móti varð faðir íslenska skólans í hinum íslensku fræðum.“

Þú gerir Björn að óttalegum rusta í þessari sögu. Var hann það? „Jaaá, hann notar vald sitt á þennan hátt, lítið vera með nefið ofan í öllu. Ég er ekkert mikið að ýkja hans karakter-einkenni í sögunni, fylgi þar heimildum. Hins vegar breyti ég algjörlega persónu stráksins sem stal bókinni og hnika þessum atburðum dálítið til. Þetta er ekki sagnfræðilegt rit og það eru örugglega alls konar tímaskekkjur í þessu, þannig að fræðingarnir fá þarna nóg að pikka í ef þeir vilja.“

Endurvinnsla á veruleikanum

Finnst þér þessi saga að einhverju leyti spegla það sem er að gerast í samtímanum? „Allar sögur gera það að einhverju leyti. Þessi Gröndal sem ég er að lýsa hefur farið í gegn-

um mig – hausinn á mér er nokkurs konar endurvinnsla á veruleikanum – og er ekki sá Gröndal sem var til í raunveruleikanum og annað fólk hefur fyrir sér. Það sama gildir um Björn M. Ólsen og auðvitað þá atburði sem ég er að lýsa þannig að allt það sem ég upplifi og sé í kringum mig í þjóðfélaginu í dag litar lýsingar mínar á þeim atburðum þó að þeir hafi átt sér stað árið 1882. Inn í þetta kemur líka að ég er að lýsa ófrjálsu fólki, þetta eru allt nýlendubúar. Við viljum stundum gleyma því að við vorum undir Dönnum í margar aldir. Mér finnst gaman að velja því fyrir mér hvernig það mótast andlegt líf manna og hef velt því fyrir mér alveg síðan ég kynntist svoltið Færeyingum og Grænlandingum og sá hvernig þetta hefur haft áhrif á þeirra sjálfsmynd.“

Óábyrg börn

Heldurðu að við séum vaxin upp úr þessum nýlendubúahugsunarhætti? „Nei, ég held að við séum að einhverju leyti enn þá síðnýlendubjóð og það skýri margt af því sem hefur aflaga farið hér, sérstaklega ákveðið ábyrgðarleysi í fjármálum og það að taka ekki ábyrgð á gjörðum sínum í þeirri von og vissu að það séu einhverjir sterkir bakhjarlar sem munu fyrir eða síðar bjarga okkur.“ Það er hér alltaf þessi óábyrgi hugsunarháttur barnsins sem er ekki alveg farið að heiman og getur alltaf komið með sín vandamál til foreldra til að láta þau leysa þau. Það er sú tilfinning sem lúrir að baki þessu sem ég er að lýsa.“



SÆMD Guðmundur Andri heillaðist af Reykjavík í lok nítjándu aldar strax á unglingsaldri. Í Sæmd endurskapar hann átök kennara í Lærða skólanum árið 1882.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

OPIÐ
Í DAG FRÁ
11-16

4BLS

NÝR BÆKFLINGUR
STÚTFULLUR
AF ÓTRÚLEGUM
TILBOÐUM

ÚRVALIÐ ER
HJÁ OKKUR

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

TÖLVUTEK

Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is

KRÓNAN



- fyrst og fremst
ódyr og snjöll

29% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1398~~ kr. kg
Krónu hamborgarhryggur

50% afsláttur

849 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grisahnakki, úrbeinaðar sneiðar

ÚTSALA Á GRÍSAKJÖTI



35% afsláttur

1498 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg
Grisalundir, erlendar

FRÁBÆRT VERÐ!

25% afsláttur

599 kr. kg

Verð áður ~~798~~ kr. kg
Grisabógur, hringskorinn

40% afsláttur

1199 kr. kg

Verð áður ~~1998~~ kr. kg
Esju Bayonneskinka úr læri

FRÁBÆRT VERÐ!

15% afsláttur

1188 kr. kg

Verð áður ~~1398~~ kr. kg
Goða lambalæri frosið


EXPO - www.expo.is
Öl veð eru búi með lýrnum um þrenntalr og þola myndalengd

Konráð og félagar á ferð og flugi 68

Bragi Halldórsson

„Jæja félagar,“ sagði Kata. „Þið eruð svo góðir í stærðfræði er það ekki?“ sagði hún háðsk. „Þrautin er þessi,“ sagði hún og ræskti sig. „Raðið þessum 6 tölum inn í hringina svo að samanlagðar tölurnar á hverri hlið séu allar eins.“ Hún glotti enda viss um að hún gæti þetta. En svo sá hún smá lettrið neðst. „Tölurnar geta verið fjórar, 9, 10, 11 eða 12.“ Nú var hún ekki lengur eins viss um að hún gæti þetta. Róbert var alveg viss um að hann gæti þetta ekki en Konráð beið ekki boðanna heldur byrjaði að raða tölunum inn í hringina.

Getur þú leyst þessa þraut og fundið allar fjórar tölurnar?



Brandarar

Einu sinni var minkabú sem minnkaði og minnkaði þangað til að það var búið.

Einu sinni voru tvennar buxur sem voru að fara yfir götu en þá keyrði bíll ofan á aðrar buxurnar. Þá sögðu hinar: „Pér var nær buxur.“ Síðan fóru buxurnar á spítala og pabbi buxnanna kom og sagði: „Já, lífið er stutt, buxur.“

Eitt sinn var söngkennari sem hafði engan nemanda hjá sér. Strákur kom til hans með stóra appelsínugula tösku og kennar-

inn sagði: „Nei voða fín taska,“ og byrjaði að kenna honum en strákurinn var alltaf að segja: „Já, en ... já, en ...“ „Ussuss, ekkert já en!“ sagði kennarinn. Loksins var tíminn búin og þá sagði strákururinn: „En ég var bara að rukka fyrir blaðið!“

Ferðamaðurinn: „Heldurðu að ég nái rúttunni klukkan sex ef ég fæ að hlaupa yfir túnið hjá þér?“ Bóndinn: „Já, áreiðanlega og kannski nærðu rúttunni klukkan fimm ef nautið mitt kemur auga á þig!“

Vissir þú að...

- 1981** var íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu stofnað.
- 1982** tók liðið þátt í Evrópukeppni í fyrsta sinn.
- 1984** ákvað KSÍ að kvennalandsliðið hætti í Evrópukeppninni.
- 1987** var liðið lagt niður.
- 1993** var kvennalandsliðið endurvakið.
- 1994** komst liðið í átta liða úrslit Evrópukeppinnar.
- 1994** var Ásta B. Gunnlaugsdóttir valin knattspyrnumaður ársins.
- 2001** urðu tvær landsliðsstúlkurnar atvinnumenn í Bandaríkjunum, Rakel Ögmundsdóttir og Margrét Ólafsdóttir.
- 2008** urðu 10 landsliðskonur atvinnumenn.



- 2013** spilaði liðið í átta liða úrslitamóti EM.
- 2013** sigraði liðið Serbíu 2-1 í undankeppni heimsmeistaramótsins sem haldið verður í Kanada 2015.
- 2014** verður næsti leikur Íslands í undankeppni HM þegar liðið spilar gegn Ísrael 5. apríl.



STEINAR Tónlistarmanninum finnst gaman að spila tónlist fyrir alla aldurshópa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verður að þora að gera nýja hluti

Steinar er átján ára gamall Verzlunarskólanemi sem hefur slegið í gegn með fyrsta laginu sínu, Up. Hann hefur ekki enn gefið eiginhandararitun.

Hvenær byrjaðir þú að syngja og spila? Ég hef verið að syngja frá því að ég man eftir mér, en byrjaði að taka tónlistina alvarlega þegar ég byrjaði að tromma um sjö ára aldur. Svo byrjaði ég að spila á gítar um ellefu ára aldurinn og get spilað smá á flest hljóðfæri.

Hver var fyrsta platan sem þú keyptir? Ætli það hafi ekki verið einhver rappplata sem systir mín hlustaði mikið á, örugglega Snoop Dogg eða eitthvað.

Hvers konar tónlist og hvaða tónlistarfólk hlustar þú sjálfur mest á? Ég hlusta mikið á popp, rapp og R&B, Justin Timberlake, Chris Brown, Kanye West, Jay-Z og fleiri.

Hvaða áhugamál áttu þér fyrir utan tónlistina? Ég er mikið fyrir að vera með vinunum að gera eitthvað skemmtilegt og ég hef gaman af flestum íþróttum. Annars er ég mest fyrir að vinna í tónlist, hlusta á tónlist og semja nýja tónlist.

Er erfitt að starfa sem tónlistarmaður og vera í menntaskóla um leið? Það getur verið mjög erfitt en ef maður skipuleggur tímann sinn vel og er duglegur þá getur maður gert bæði í einu.

Hvað er skemmtilegast og leiðinlegast að læra? Skemmtilegasta fagið er örugglega enska og leiðinlegast er líklegast íslenska.

Hefurðu gefið eiginhandar-

áritanir? Nei, ég hef ekki gefið neina eiginhandaáritun enn.

Hvaða aldurshóp er skemmtilegast að spila fyrir? Í raun er bara skemmtilegt að fá að spila fyrir fólk, skiptir ekki máli hvað það er gamalt heldur bara að það hafi gaman af tónlistinni.

Áttu kærustu? Nei, í augnablikinu er ég einhleypur.

Áttu ráð fyrir krakka sem langar til að verða tónlistarfólk? Bara það að gefast ekki upp ef það er erfitt að byrja. Það er lykilatriði að hafa gaman af tónlistinni og muna að það er ekkert fáránlegt þegar kemur að tónlist, maður verður að þora að gera nýja og öðruvísi hluti.

TEIKNAR ÞÚ
FLOTTAR
MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is



KITCHENAID BLANDARI
 VERÐ ÁÐUR 42.990
 TILBOÐSVERÐ 37.990
 ÞÚ SPARAR 5.000

40%
TRISTAR
 EKTA BELGÍSKAR
 VERÐ ÁÐUR 9.999
 TILBOÐSVERÐ 5.999
 ÞÚ SPARAR 4.000

20%
SEVERIN POPPVÉL
 VERÐ ÁÐUR 5.995
 TILBOÐSVERÐ 4.796
 ÞÚ SPARAR 1.199

GEORGE FOREMAN HEILSUGRILLIN

Russell Hobbs

20%
FAMILY
 VERÐ ÁÐUR 16.995
 TILBOÐSVERÐ 13.596
 ÞÚ SPARAR 3.399

42% minni fita
20%
COMPACT
 VERÐ ÁÐUR 11.995
 TILBOÐSVERÐ 9.596
 ÞÚ SPARAR 2.399

KENWOOD MATVINNSLUVÉL
 VERÐ ÁÐUR 12.999
 TILBOÐSVERÐ 10.999
 ÞÚ SPARAR 2.000

50%
TRISTAR BAÐVOG
 VERÐ ÁÐUR 4.990
 TILBOÐSVERÐ 2.495
 ÞÚ SPARAR 2.495

20%
AEG PRESSA
 VERÐ ÁÐUR 19.999
 TILBOÐSVERÐ 15.999
 ÞÚ SPARAR 4.000

23%
SEVERIN STÁL
 VERÐ ÁÐUR 6.495
 TILBOÐSVERÐ 4.999
 ÞÚ SPARAR 1.496

FRANCIS FRANCIS X7 ESPRESSOVÉL
 VEGLEGUR KAUPAUKI
 VERÐ ÁÐUR 36.900
 TILBOÐSVERÐ 29.900
 ÞÚ SPARAR 7.000

20%
ITÖLSK GÆÐI

ÖLL HEIMILISTÆKI

ALLT AÐ 500,-
AFSLÁTTUR
bygggtogbúid
 568 9400 bygggtogbuid.is | Kringlunni

35%
iPRO 2000W
 VERÐ ÁÐUR 10.999
 TILBOÐSVERÐ 7.149
 ÞÚ SPARAR 3.850

30%
TRISTAR BLANDARI 500W • MYLUR KLAKA
 VERÐ ÁÐUR 9.990
 TILBOÐSVERÐ 6.990
 ÞÚ SPARAR 3.000

20%
SKAFTRYKSUGA ERGORAPIDO
 VERÐ ÁÐUR ... 24.900
 TILBOÐSVERÐ ... 19.900
 ÞÚ SPARAR ... 5.000

SODASTREAM JET
20%
 VERÐ ÁÐUR 13.990
 TILBOÐSVERÐ 11.192
 ÞÚ SPARAR 2.798

KitchenAid
 HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT + GLERSKÁL
20%
 HRÆRIVÉL HVÍT + ÁHALDASETT
 VERÐ ÁÐUR ... 99.980
 TILBOÐSVERÐ ... 79.990
 ÞÚ SPARAR ... 19.990
 HRÆRIVÉL LITUÐ + ÁHALDASETT
 VERÐ ÁÐUR ... 102.980
 TILBOÐSVERÐ ... 82.990
 ÞÚ SPARAR ... 19.990

20%
TRISTAR SALT&PIPAR KVÖRN
 • TVEIR Í PAKKA
 VERÐ ÁÐUR 5.990
 TILBOÐSVERÐ 4.792
 ÞÚ SPARAR 1.198

ÞÚ SPARAR 6.000
iROBOT 620 RYKSUGUVÉLMENNI
 VERÐ ÁÐUR 59.995
 TILBOÐSVERÐ 53.995

20%
SÆNSKT NUDD
NUDDSESSA
 VERÐ ÁÐUR 22.980
 TILBOÐSVERÐ 18.384
 ÞÚ SPARAR 4.596

SEVERIN KAFFIVÉL SÝÐUR VATNIÐ
 VERÐ ÁÐUR 17.999
 TILBOÐSVERÐ 14.999
 ÞÚ SPARAR 3.000

ÓDÝRI HEIMILISTÆKJA MARKAÐURINN ALLT Á 2.990

40%
25%
25%
25%
25%

SERÍUR KAPTU TVÆR OG FÁÐU PÁ ÓDÝRARI Á 50%

50%
BAB SLÉTTUJÁRN
 VERÐ ÁÐUR 7.999
 TILBOÐSVERÐ 4.000
 ÞÚ SPARAR 4.000

TRISTAR TÖFRASPROTI + SAXARI OG PEYTARI
 VERÐ ÁÐUR 9.999
 TILBOÐSVERÐ 7.999
 ÞÚ SPARAR 2.000



KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- Viðkvæmur tími fyrir húðina (9)
- Ruglast á sæhesti og vatnseig (6)
- Mun nokkur hitta þann sem alltaf er samur við sig? (7)
- Tíni og hnykla tæknilega textaveitu (9)
- Eru „ást“ og „ann“ ekki samheiti hér um bil? (6)
- Gyltur og grund sem logar í ófriði (7)
- Byggja hús fyrir Guð (9)
- Ómörg eignast auma (6)
- Tel að súrefnin séu hluturinn (7)
- Logandi víti ver mig logum og vírusum? (9)
- Hér segir frá skrifara að skrifa upp (6)
- Finnur og miðlar (6)
- Fyrst áætlaðar lendingar, svo komu ráð (9)
- A: samin í einhverju rugli fyrir stefnurnar (6)
- Gengur af hjávisindaselskap dauðum (20)
- Úr stífum garra má fá göróttan drykk (14)
- Kommar af báðum kynjum gæddu sér á krabbabló (7)
- Eru endurlífjaginar og dauðsföllin eitt og hið sama? (8)
- Aldeilis uppátækjasamir, þessir mófuglar (13)
- Dyratré er bara einum of (8)
- Sopi sækir í tímafreakar (11)
- Ætli rýr mennti aumingja? (10)
- Vil að ég tvinni aur við sýnina þótt rugluð sé (9)

LÓÐRÉTT

- Kjöt klikkaði, enda óhrein hér á ferð (9)
- Vesen uppá hanabjálka truflar ástarlífið (11)
- Nuddar landnyrðingur húfur líffæra? (11)
- Bekkur spannr sögur af böðum (9)
- REI-ævintýrið er klikkað án glæsileika (7)
- Pen lagi leiði (9)
- Hjartfólgin öndin er ákærvaldið (9)
- Ætli sá snöggi fangi með fingrum? (9)
- Fitla við stef sem passar við almanak (9)
- Drottinn hefur dæmt kaffeininn á Gamla Lars (7)
- Hafa það helst fyrir stafni að ala juðið (7)
- Rek orsök kjánalátanna til fótaborðar fiflanna (12)
- Heflaðu hálfvitann fyrir burðardýr vallarins (12)
- Forfeður heyja sem risavaxin (6)
- Æ, fór klípa í kaf þótt hún ætti ekki að geta það? (10)
- Fabúlera um heimild í ljóðum (11)
- Gefur heldur gráðugum (11)
- Kærleikur hinna nýju endaði með lagi (7)
- Hér hefur nál anað í víðfrægt orð (7)
- Byggðir þú málmgrindur? (7)
- Kasta kögri þrátt fyrir andstreymi (7)
- Innantómt hvarf (4)
- Ætli auli álpist rétt? (4)
- Stríðsmaður fer í orrustu 51 (4)



Lausnarorð síðustu viku var SKÝJABÓLSTUR



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Ærlegi læringurinn eftir Vikas Swarup frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var Páll E. Ingvarsson, Garðabæ.



LAUSNARORÐ

Ef bókstofunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist náttúruperla. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „2. nóvember“.

3

1. mánuðurinn ÓKEYPIS

Frábær dagskrá

Laugardagsþátturinn með Frikkka Dór

Dads

Carrie Diaries

Í eldhúsinu hennar Evu

X Factor USA

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga.

Shameless

Glee

Nikita

Pretty Little Liars

SkjárEinn **4.990** kr. á mánuði

Stöð 3 + Krakka Stöðin + = **2.990** kr. á mánuði

Grimm

Tryggðu þér áskrift á www.stod3.is

TOYO TIRES

driven to perform



**ÖRYGGI
ALLAN
HRINGINN**

TOYO TIRES
driven to perform

„Grænu skrefin mín í borginni eru harðskeljadekk“

Toyo harðskeljadekk tryggja
minni mengun og meira öryggi

„Það er leitt til þess að hugsa að á veturna fer svifryksmengun oft yfir heilsuverndarmörk á höfuðborgarsvæðinu. Þetta bitnar á öllum, ekki síst börnunum okkar. Rannsóknir sýna að nagladekk eiga þar stóra sök og spæna upp malbikið með tilheyrandi viðhaldskostnaði. Ég álfít það siðferðislega skyldu okkar að velja umhverfisvænsta kostinn og nota því Toyo harðskeljadekk - þau eru grænu skrefin mín í umferðinni.“

María Lovísa Árnadóttir - Markþjálfari og hönnuður

**Söluaðilar
um land allt**

Upplýsingar í síma 590 2045
eða á www.benni.is



**Bilabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum



Ástkær bróðir okkar,

KRISTJÁN FRÍÐRIK EIRIKSSON

sem lést á Sundabúðum, Vopnafirði, 28. október verður jarðsönginn frá Skeggjastaðarkirkju, þriðjudaginn 5. nóvember kl. 13.30.

Fyrir hönd aðstandenda,
Þórhallur Eiríksson og Guðþór Eiríksson



Ástkær móðir mín,
systir, mágkona og föðursystir,

SIGRÍÐUR FRÍÐRIKSDÓTTIR (SÍSÍ)
frá Patreksfirði,
til heimilis í Skípalóni 4, Hafnarfirði,

lést á Landspítala Fossvogi þann 26. október síðastliðinn. Útför fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 4. nóvember kl. 15.00.

Hanna Kristín Steindórsdóttir
Gunnar Friðriksson
Hulda Friðbjófsdóttir
Jóhanna Jóhannesdóttir
Kristín Gunnarsdóttir
Gerður Gunnarsdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður og afa,

ÓLAFS SIEMSEN
lyfjafræðings
Svöluhrauni 12, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á göngudeild krabbameinslækninga og Heimahlyningar Landspítalans.

Auður Snorradóttir
Guðmundur Siemsen
Snorri Siemsen
Rósa Siemsen
Anna Sigríður Siemsen
og barnabörn.

Hrund Ottósdóttir
Jón Kjartan Ágústsson
Jóhann David Barðason



WWW.KVEDJA.IS

Útvarastofa
SVAFARS & HERMANNSS



Virðing Reynsla & Þjónusta
Allan sólarhringinn

571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

Haustútsala
20-30% afsláttur

Graníthöllin
Legsteinar

Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði
Sími 555 3888 - granithollin.is

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is



HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR Eva Hrönn var himinsæl með áfangann þegar hún lauk málfutningi sínum fyrir Hæstarétti í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögfræðin hefur staðið undir væntingum

Eva Hrönn Jónsdóttir varð í gær fyrst lögfræðinga útskrifaðra frá H.R. til að fá titilinn hæstaréttarlögmaður. Hún hefur unnið ótulllega að því markmiði síðan hún útskrifaðist fyrir rúmum sex árum og segir aldrei annað hafa komið til greina en að verða lögfræðingur.

„Þetta er ekki alveg búið, Hæstiréttur sendir bréf í dag og síðan þarf ég að senda beiðni á ráðuneytið til að fá útgefið leyfi, en forsetinn sagði: „Til hamingju, hæstaréttarlögmaður,“ hérna áðan svo þetta er komið í höfn,“ segir Eva Hrönn himinsæl, nýkomin úr réttarsalnum þar sem hún flutti sitt fjórða prófmál fyrir Hæstarétti og lauk þar með ferlinu að því að fá titilinn hæstaréttarlögmaður.

Eva Hrönn er fyrsti lögfræðingurinn sem útskrifaður er frá H.R. sem hlýtur þennan titil en hún útskrifaðist fyrir rúmum sex árum og hefur síðan unnið ótulllega að því að ná þessum áfanga. Byrjaði að vinna á lögmansstofu meðan hún var enn í skólanum og hefur unnið sleitulaust síðan, fékk hér- aðsdómslögmannsréttindi strax í desember 2007, nokkrum mánuðum eftir að hún útskrifaðist. Hún segir aldrei neitt

annað hafa komið til greina en að verða lögfræðingur. „Ég tók þá ákvörðun mjög snemma og ég held það sé engin skýring á því. Eg byrjaði að stefna á þetta áður en ég byrjaði í menntaskóla. Þegar ég var á síðasta ári í Versló sá ég að það var verið að stofna lagadeild við Háskólann í Reykjavík og þá varð ekki aftur snúið. Þangað vildi ég fara.“

Eva Hrönn segir enga lögfræðinga í fjölskyldunni, hún hafi ekki horft mikið á lögfræðipætti í sjónvarpi, henni hafi bara fundist lögfræðin eitthvað svo ótrúlega spennandi fag. „Ég vissi svo sem ekkert hvað lögfræði var áður en ég byrjaði en eitthvað við starfið kítlaði mig enda hef ég fundið mig rosalega vel í því. Það hefur algjörlega staðið undir væntingum.“

Eva Hrönn á tvö börn, þriggja og fimm ára, og þarf auðvitað að þúsla saman einkalífi og starfsframa eins

og allar ungar konur, en henni finnst það ekki mikið mál. Spurð hvort hún sé spútnikk í faginu fer hún undan í flæmingi og bendir á að það verði aðrir að dæma um, hún sé bara að láta draum sinn rætast. Nú hefur það tekist og hver er þá næsti draumur? Hæstaréttardómari? „Nei, ég held ég hafi engan áhuga á því að verða dómari. Mér finnst miklu skemmtilegra að vera í hita leiksins og fá að takast á við mál í dómsalnum heldur en að sitja bara og hlusta. Það heillar mig ekki. Ég er hins vegar búin að stefna að þessu markmiði svo lengi að ég er ekki viss um að ég sé búin að setja mér nýtt. Það er ekkert hærra skref í lögmennsku heldur en þetta þannig að ég veit ekki hvað það ætti að vera. Ég ætla bara að njóta þess að vera búin að klára þennan áfanga áður en ég fer að þrela í framhaldinu.“

fridrikab@frettabladid.is



Elsku besta mamma mín,
tengdamamma og amma okkar,

ANNA S. ÁRNADÓTTIR
Hofaki 5, Garðabæ,

lést á Landspítala Landakoti miðvikudaginn 30. október.

Sigríður Anna Ásgeirsdóttir
Hugi Snær Hlynsson
Harpa Lind Atladóttir



Atli B. Guðmundsson



Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vinarhug og heiðruðu minningu okkar ástkæru

KRISTRÚNAR O. STEPHENSEN
kennara,
Skípalóni 24 í Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fá lækna og starfsólkið á deild 11G á Landspítalanum, starfsfólk Hjúkrunarþjónustu Karitas og líknardeildar í Kópavogi fyrir góða umönnun. Einnig sérstakar þakkir til allra þeirra sem lögðu okkur lið við útför hennar.

Guðlaugur Sigurðsson
Soffía Kristbjörnsdóttir
Soffía Dögg Halldórsdóttir
Halla Dóra Halldórsdóttir
barnabörn, systkini og aðrir aðstandendur.

Daði Friðriksson
Bjarni Adolfsson



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

ANNA RAGNA JÓNSDÓTTIR
Kirkjuvegi 11, Keflavík,

